



Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

2. TBL. 29. ÁRG. 2023





- | | | | | | |
|----|---------------------------------------------------------------------------------------------------|----|-----------------------------------------------------------------------------------------------|----|-------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 4 | SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON
Formannspistill | 11 | EYRÚN INGADÓTTIR
Námssjóður veitir styrki | 20 | ÁRNI VILHJÁLMSOON
Sameiginlegt evrópskt einkaleyfi
– sérdómstóll ESB í
einkaleyfamálum |
| 6 | ARI KARLSSON
Frá ritstjórn | 12 | INGIMAR INGASON
Lögmannastéttin eldist – fjöldi og
samsetning félagsmanna | 24 | EVA HRÖNN JÓNSDÓTTIR
Skjólstæðingar í gæsluvarðhaldi |
| 7 | EVA HRÖNN JÓNSDÓTTIR
Gullmerki félagsins afhent á
aðalfundi | 15 | EYRÚN INGADÓTTIR
Bylting framundan í störfum
lögfræðinga – fundur um nýju
mállíkönin | 26 | HRAFNHILDUR BRAGADÓTTIR
Viðskipti með kolefniseiningar |
| 8 | EVA HRÖNN JÓNSDÓTTIR
Fréttir af aðalfundi LMFÍ | 18 | EYRÚN INGADÓTTIR
Gervigreindin mun breyta og
bylta | 28 | VIÐTAL VIÐ GUÐRÚNU
ERLENSDÓTTUR
Lögfræðin snýst um lífið |
| 10 | GESTUR JÓNSSON OG RAGNAR
HALLDÓR HALL
Sannaðu sakleysi þitt – ábending
til stjórnar LMFÍ | | | | |

Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður

Ari Karlsson lögmaður
Netfang: ari@lmg.is

Aðstoðarritstjóri

Eyrún Ingadóttir

Ritnefnd

Arnar Vilhjálmur Arnarsson lögmaður
Hildur Þórarinsdóttir lögmaður
Ingi B. Poulsen lögmaður
Unnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður

Stjórn LMFÍ

Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður, formaður,
sigurdur@rettur.is
Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður, varaformaður,
aslaug@logos.is
Eva Halldórsdóttir lögmaður, ritari,
eva@lg.is
Tómas Eiríksson lögmaður, gjaldkeri,
teiriksson@ossur.com,
Magnús Hrafn Magnússon lögmaður, meðstjórnandi,
mhm@sigthor.com

Varastjórn LMFÍ

Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður,
hildur@landslag.is
Gísli G. Hall lögmaður,
ggh@lav.is
Sigrún Helga Jóhannsdóttir lögmaður s
igrun@logvis.is

Starfsmenn LMFÍ

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur (í leyfi)
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari
Eva Hrönn Jónsdóttir lögfræðingur

Forsíðumynd

Frá afhendingu gullmerkis LMFÍ og afhendingu
styrkja námssjóðs. Auk þess myndir af
gervigreindarlögfræðingum. Ljósmyndarar:
Eva Hrönn Jónsdóttir, Eyrún Ingadóttir og
gervigreindarforritið Stable Diffusion.

PRENTVINNSLA

Litlaprent ehf.

UMSJÓN AUGLÝSINGA


Öflun ehf., sími: 530 0800
ISSN 1670-2689

Auðvelt
Öruggt
Þægilegt

Nafn
Númer kassa
Innihald
Geymslutími



2035090



Við varðveitum gögnin þín

- Þú hringir í 587 9800 eða sendir okkur tölvupóst
- Við komum með tóma kassa og strikamerki
- Þú skráir gögnin, setur í kassana, límir strikamerkin á og lætur okkur vita
- Við komum og förum með kassana í örugga geymslu þar sem þú hefur alltaf aðgang að þeim
- Við þösum gögnin í vöktuðu rými við bestu aðstæður þangað til þú vilt fá þau aftur, skoða þau eða taka til þín



Einfalt ekki satt



GAGNAGEYMSLAN

Gagnageymslan ehf. · Smiðshöfða 1, 110 Reykjavík · 587 9800
www.gagnageymslan.is · gagnageymslan@gagnageymslan.is

GLEÐILEGT SUMAR!

SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON LÖGMAÐUR
FORMAÐUR




Eftir annasaman vetur styttist loksins í réttarhlé og kærkomið sumarfrí okkar lögmanna. Þetta sumar verður líklega það fyrsta í langan tíma, sem að lögmenn landsins verða lausir undan því oki að þurfa að skila greinargerðum til áfrýjunardómstóla. Undir lok ársins 2022 voru með lögum nr. 134/2022 samþykktar breytingar á lögum um meðferð einkamála sem veita dómstólum heimild til framlengingar fresta til að skila greinargerð í kæru- og áfrýjunarmálum fyrir Landsrétti og Hæstarétti yfir hásumarleyfistíma og í kringum stórhátíðir, þ.e. páska, jól og áramót. Hafa framangreindar breytingar verið baráttumál Lögmannafélagsins um árabíl og því gleðiefni að þær skuli loks hafa náð fram að ganga, lögmönnum til hagsbóta.

Af vettvangi félagsins er annars nóg að fréttu. Innan félagsins, sem og utan þess, er framhaldið með það markmið að gera lögmennsku að áhugaverðu starfi sem flest geta hugsað sér sem ævistarf. Þannig er það verkefni okkar hjá félaginu, sem og allra félagsmanna, hvort heldur sem atvinnurekendur eða fulltrúar, að bæta starfsumhverfi okkar.

Í því sambandi er skemmtilegt að segja frá samstarfi Lögmannafélagsins við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, en næsta haust hefst vinna með félagsvísindadeildinni sem miðar að því að greina ástæður brottfalls úr stéttinni sem mun þá vonandi nýtast okkur í framtíðinni til úrbóta.

Á síðasta aðalfundi félagsins urðu þau tímamót að þremur konum var veitt gullmerki félagsins, sem er virðingavottur fyrir mikilsvert framlag þeirra innan sem utan félagsins. Allar eiga þær það sameiginlegt að hafa verið frumkvöðlar og mikilvægar fyrirmyndir í lögmennsku sinni.

Að lokum þá óska ég ykkur öllum gleðilegs sumars og vona að þið njótið vel.



Audi Q8 e-tron



Meiri drægni, hraðari hleðsla, enn skemmtilegri aksturseiginleikar

Hraðhleðslugeta allt að 170kW. Hleður sig frá 10% upp í 80% á aðeins 28 mínútum.

Nánari upplýsingar á www.audi.is / Kynntu þér bílinn nánar á youtube.com/heklabilaumbod

8 ÁRA ÁBYRGÐ
Á RAFHLÖÐUM



Laugavegi 174, 105 Rvk. ◀ Sími 590 5000 ▶ www.hekla.is
Höldur Akureyri ▶ Bílasala Selfoss ▶ Bílakjarninn Reykjanesbæ ▶ BVA Egilstöðum

AUÐSJÁANLEG MISTÖK

ARI KARLSSON
RITSTJÓRI



Í lokaþætti þáttaraðarinnar um Kavanagh lögmann, sem nutu mikillar hylli um aldamótin, tapaði hinn skeleggi málflutningsmaður máli um endurupptöku sakamáls þrátt fyrir að færð hefðu verið fram ýmis sönnunargögn um það að upphaflegur dómur hefði byggt á hæpnum forsendum. Samstarfsmaður Kavanagh, ólöglærður, minnti niðurlútan lögmanninn á barnum eftir dómsuppsögu á orðtækið: Much law, but little justice!

Mér varð hugsað til þessa þegar ég las nýuppkveðinn dóm Hæstaréttar Noregs frá 20. júní sl. í máli þar sem staðfestur var dómur lögmannsréttar um að ógilda ákvörðun úrskurðarnefndar lögmannna um að synja löglærðum fulltrúa um lögmannsréttindi. Málavextir voru þeir að lögmannsstofa hafði sótt um leyfi fyrir viðkomandi til þess að starfa sem löglærður fulltrúi. Í umsókn þurftu að tilgreina eigendur sem viðkomandi skyldi starfa sem fulltrúi fyrir. Í málinu lá fyrir að fyrir mistök hafði A, einn eigandi stofunnar, gleymst á umsókninni. Eftirlitsnefndin veitti fulltrúanum heimild til þess að starfa sem löglærður fulltrúi fyrir þá lögmennt sem voru tilgreindir á umsókninni. Fulltrúinn tók þátt í tveimur sáttaumleitunum og flutti tvö mál, sem skylt er samkvæmt norskum lögmannalögum til þess að öðlast lögmannsréttindi, en A var skráður lögmaður í tveimur viðkomandi tilvikum. Umsókn löglærða fulltrúans um lögmannsréttindi var synjað af eftirlitsnefndinni, sem staðfest var af úrskurðarnefndinni, á þeim grundvelli að fulltrúinn hefði ekki verið skráður fulltrúi lögmannsins A sem hefði því ekki uppfyllt skilyrði um fjölda mála til þess að öðlast lögmannsréttindi.

Fulltrúinn sætti sig ekki við þessa niðurstöðu og höfðaði mál til ógildingar.

Í forsendum frummælanda Hæstaréttar, sem aðrir dómarmar tóku undir með vísan til forsendna, greindi m.a. að grundvöllur

málsins lægi í mistökum lögmannstofunnar í umsókn til eftirlitsnefndarinnar sem telja mætti næstum því ritvillu. Aðilar væri sammála um að grunnur málsins væri mistök hjá lögmannsstofunni. Að mati Hæstaréttar hefði eftirlitsnefndin þurft að meta umsóknina heildstætt og þá lægi fyrir að fulltrúinn hefði uppfyllt öll skilyrði til þess að starfa sem fulltrúi fyrir lögmanninn A, og hefði uppfyllt skilyrði um málflutningsreynslu, en formlega heimild skorti vegna auðsjáanlegra mistaka. Að synja fulltrúanum um lögmannsréttindi væri því ósamngjarnt fyrir fulltrúann A. Með vísan til þessa var talið að ákvæði norskra lögmannalaga yrði hér ekki túlkað með þeim hætti sem eftirlitsnefndin og úrskurðarnefndin lögðu til grundvallar.

Forsendur Hæstaréttar Noregs eru um margt áhugaverðar og þá einkum sú niðurstaða að þótt formlega heimild hafi skort hafi þurft að meta málið heildstætt þegar ákvæði norskra lögmannalaga væru túlkuð. Fulltrúinn hafi sannarlega starfað hjá lögmannsstofu, lögmaðurinn A hafi verið meðal eigenda á viðkomandi stofu og fulltrúinn hafði flutt mál í hans umbóði. Skortur á formlegri heimild hefði verið auðsjáanleg mistök í umsóknarferli af hálfu lögmannsstofunnar.

Okkur lögfræðingum hættir oft til að einblína á formið umfram efnið, jafnvel þótt niðurstaða í einstaka tilfelli verði í hrópandi ósamræmi við inntak lagareglu. Kannski er það að einhverju leyti afleiðing norrænnar lagahefðar að vera strangur á forminu. Það er því sannarlega áhugavert að skoða forsendur og röksemdir Hæstaréttar Noregs um að ákvæði norskra lögmannalaga ætti að túlka fremur með hliðsjón af inntaki ákvæðisins en samkvæmt orðanna hljóðan.

Gullmerki félagsins afhent á aðalfundi



F.v. Lára V. Júlíusdóttir, Guðrún Erlendsdóttir, Svala Thorlacius, Hjördís Halldórsdóttir, Sigurður Örn Hilmarsson og Guðjón Þór Jósefsson.

Á aðalfundi LMFÍ voru þrjár konur sæmdar gullmerki félagsins. Þetta eru þær Guðrún Erlendsdóttir lögmaður og fyrrverandi hæstaréttardómari, f. 1936, Svala Thorlacius lögmaður, f. 1942 og Lára V. Júlíusdóttir lögmaður, f. 1951.

Guðrún Erlendsdóttir lauk lagaprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1961. Hún öðlaðist málflytningsréttindi fyrir héraðsdómstólum árið 1962 og fyrir Hæstarétti árið 1967. Guðrún rak lögmannsstofu í Reykjavík á árunum 1961 – 1978. Hún var aðjúnkt, lektor og síðar dósent við lagadeild Háskóla Íslands til ársins 1986. Hún var settur hæstaréttardómari á árunum 1982 – 1983 og skipuð hæstaréttardómari árið 1986, fyrst kvenna. Guðrún var varaforseti Hæstaréttar á árunum 1989 – 1990 og forseti réttarins árin 1991 – 1992. Guðrún hefur sinnt fjölda trúnaðarstarfa tengdum lögfræði í gegnum tíðina, auk ritstarfa.

Svala Thorlacius lauk lagaprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1968. Hún öðlaðist málflytningsréttindi fyrir héraðsdómstólum árið 1969 og fyrir Hæstarétti árið 1984. Hún starfaði sem fulltrúi lögmanns á árunum 1968-1970 og rak eigin lögmannsstofu frá árinu 1976 til 2018. Svala var fyrst kvenna til þess að taka sæti í stjórn Lögmannafélags Íslands árið 1980 en þá hafði félagið verið starfandi í 69 ár. Svala hefur sinnt fjölda trúnaðarstarfa tengdum lögfræði í gegnum tíðina

Lára V. Júlíusdóttir lauk lagaprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1977. Hún öðlaðist málflytningsréttindi fyrir héraðsdómstólum árið 1980 og fyrir Hæstarétti árið 1998. Lára starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu á árunum 1977 – 1982 og sem lögfræðingur Alþýðusambands Íslands á árunum 1982 – 1987 og síðar framkvæmdastjóri félagsins frá 1988-1994. Lára hefur rekið eigin lögmannsstofu frá árinu 1994 og sat í stjórn Lögmannafélags Íslands á árunum 2001 – 2003. Lára hefur sinnt fjölda trúnaðarstarfa tengdum lögfræði í gegnum tíðina, einkum á sviði vinnuréttar, fjölskylduréttar og jafnréttismála og komið að samningu bóka og greina á því sviði.

Áður höfðu 16 karlar og ein kona verið sæmd merkinu.

Eva Hrönn Jónsdóttir



F.v. Ingimar Ingason, Hjördís Halldórsdóttir, Guðjón Þór Jósefsson, Sigurður Örn Hilmarsson, Eva Bryndís Helgadóttir, Tómas Eiríksson og Áslaug Björgvinsdóttir.

FRÉTTIR AF AÐALFUNDI LMFÍ

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands og félagsdeildar LMFÍ 2023 voru haldnir miðvikudaginn 31. maí s.l. á Hilton Reykjavík Nordica. Auk venjubundinna aðalfundarstarfa voru þrír félagsmenn sæmdir gullmerki félagsins auk þess sem samþykkt var tillaga um hækkun árgjalds félagsdeildar. Sigurður Örn Hilmarsson formaður kynnti skýrslu stjórnar og gerði stuttlega grein fyrir þeim málum sem hafa verið í brennidepli á liðnu starfsári.

Skýrsla stjórnar

Sigurður Örn fjallaði um breytingar sem gerðar voru á lögum um meðferð einkamála undir lok síðasta árs sem veita dómstólum heimild til framlengingar fresta til að skila greinargerð í kæru- og áfrýjunarmálum fyrir Landsrétti og Hæstarétti yfir hásumarleyfistíma og í kringum stórhátíðir. Þessar breytingar hafa verið baráttumál Lögmannafélagsins um árabil og gleðiefni að þær hafi loks náð fram að ganga. Þá gerði hann grein fyrir erindi sem stjórn félagsins sendi dómsmálaráðherra nýlega þar sem farið var fram á að breytingar verði gerðar á réttarfarslöggjöfinni með það að markmiði að leiðrétta hlut aðila sem verða fyrir kostnaði vegna beiðni gagnaðila um áfrýjun í þeim tilfellum sem synjað er um áfrýjunarleyfi. Sigurður Örn ræddi um hlutverk félagsins samkvæmt ályktun frá 2017 um að standa vörð um réttarríkið og réttindi sakaðra manna gagnvart stjórnvöldum og gerði grein fyrir athugasemdum úr ársskýrslu um framkvæmd við skipun verjenda, þvingunarúrræði við meðferð sakamála, hugmyndir um forvirkar rannsóknarheimildir og einangrunarvist. Formaður Lögmannafélagsins var framsögumaður á málþingi Íslandsdeildar Amnesty International í apríl sl. sem haldið var í framhaldi af útgáfu skýrslu Amnesty International um beitingu einangrunarvistar í gæsluvarðhaldi.

Stjórn félagsins hélt á starfsárinu áfram að vinna að því að fá fram leiðréttingu á þóknun lögmannna fyrir verjenda- og

réttargæslustörf en skort hefur á að framkvæmd þessa sé viðunandi, einkum á rannsóknarstigi. Með þetta fyrir augum hefur stjórn félagsins m.a. mælt til þess við ríkissaksóknara að hann gefi út sérstök fyrirmæli til allra lögreglustjóraembætta um hlutagreiðslur til verjenda í þeim tilvikum sem málsmeðferð tekur óvenjulega langan tíma af ástæðum sem ekki verða raktar til sakbornings. Þá hefur félagið m.a. beitt sér fyrir hækkun á fjárhæðum skiptatrygginga, endurskoðun tímagjalds talsmanna hælisleitenda og skipaðra lögráðamanna og því að sú krafa verði gerð til dómstóla að málskostnaðarákvarðanir séu rökstuddar sérstaklega.

Sigurður Örn sagði frá vinnu stjórnar félagsins við drög að frumvarpi um breytingu á lögum um lögmann sem ætlunin er að kynna félagsmönnum á komandi starfsári. Þá vék hann stuttlega að breytingum á siðareglum lögmannna sem samþykktar voru á félagsfundi þann 26. janúar 2023 og þakkaði nefndarmönnum siðareglunefndar fyrir vel unnin störf.

Ársreikningur

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi félagsins vegna ársins 2022. Afkoma allra þriggja rekstrareininga LMFÍ var jákvæð á árinu. Heildarhagnaður af rekstri lögbundna hluta félagsins var rúmar 9,1 milljón króna, sem er talsvert betri afkoma en árið á undan þegar hagnaður nam rúmum

3,4 milljónum króna. Þá var rekstur félagsdeildar jákvæður um rúmar 300 þúsund krónur á árinu, sem er nokkuð lakari afkoma en árið á undan þegar hagnaður af rekstri deildarinnar nam rúmlega 2,1 milljón króna. Afkoma af rekstri Námsjóðs var lítillaga betri en árið á undan eða rúmlega 1,2 milljónir króna á móti rúmlega milljón króna afgangi árið á undan. Samanlögð afkoma rekstrareininga félags var því jákvæð um rúmar 10,6 milljónir króna samanborið við hagnað upp á tæpar 6,6 milljónir króna árið á undan.

Kosningar

Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður gaf einn kost á sér til formennsku og var kjörinn til eins árs. Í aðalstjórn til næstu tveggja ára voru kosin lögmenirnir Eva Halldórsdóttir og Magnús Hrafn Magnússon en auk þeirra sitja áfram í stjórn lögmenirnir Áslaug Björgvinsdóttir (LOGOS) og Tómas Eiríksson. Í þriggja manna varastjórn voru kjörin lögmenirnir Hildur Ýr Viðarsdóttir, Gísli G. Hall og Sigrún Helga Jóhannsdóttir. Samþykkt var að skipa Helga Birgisson sem aðalman í úrskurðarnefnd lögmannna til þriggja ára frá og með næstu áramótum og varamaður hans verður Helga Melkorka

Óttarsdóttir. Þá var samþykkt að Ágústa Katrín Guðmundsdóttir löggiltur endurskoðandi verði áfram endurskoðandi félagsins. Í laganefnd voru endurkjörin lögmenirnir Einar Farestveit, Jón Gunnar Ásbjörnsson, Lára Herborg Ólafsdóttir, Þyri Halla Steingrímsdóttir, Krístrún Elsa Harðardóttir, Flóki Ásgeirsson og Bjarney Anna Bjarnadóttir.

Afhending gullmerkis Lögmannafélags Íslands

Á fundinum voru þrjú félagsmenn sæmdir gullmerki Lögmannafélags Íslands; þær Guðrún Erlendsdóttir lögmaður og fyrsta konan til þess að vera skipuð hæstaréttardómari, Svala Thorlacius lögmaður, fyrsta konan til þess að taka sæti í stjórn Lögmannafélagsins og Lára V. Júlíusdóttir lögmaður. Nánari umfjöllun um veitingu gullmerkis Lögmannafélagsins má sjá á bls 7.

Á aðalfundi félagsdeildar Lögmannafélagsins var samþykkt tillaga um hækkun árgjalds félagsdeildar úr 12.500 krónum í 13.500 krónur.

Eva Hrönn Jónsdóttir tók saman

NÝ RÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

Guðmundur Njáll Guðmundsson

GNG lögmannsþjónusta, Skeifan 19, 108 Reykjavík

Kristján Gunnar Valdimarsson

Lögmenn Promptus slf., Lækjargötu 4, 101 Reykjavík

Unnur Lilja Hermannsdóttir

Landslög, Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Bernhard Nils Bogason

Nordik legal, Skólavörðustíg 24, 101 Reykjavík

Krístún Elsa Harðardóttir

Lögfræðistofa Selfoss ehf., Austurvegi 20, 800 Selfossi

Sigurður Ágústsson

LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík

NÝ RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

Jónas Birgir Jónasson

Embætti ríkislögmanns, Hverfisgötu 4-6, 150 Reykjavík

Linda Íris Emilsdóttir

Réttur - Aðalsteinsson & Partners ehf., Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík

Sigurður Orri Hafþórsson

Húseigendafélagið, Síðumúla 29, 108 Reykjavík

Benedikt Baldur Tryggvason

MAGNA lögmenn, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík

Sandra Mjöll Markúsdóttir

MAGNA lögmenn, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík

Teitur Gissurarson

LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Elva Þóra Arnardóttir

LOGOS lögmannsþjónusta, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík

Karen Björnsdóttir

MAGNA lögmenn, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík

Brynja Kristín Magnúsdóttir

Málþing, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík

Úlfur Þór Andrasón

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, Borgartúni 29, 105 Reykjavík

Margrét Helga Kristínar Stefánsdóttir

Lagastoð, Lágmúla 7, 108 Reykjavík

Hólmfríður K. Kjartansdóttir

Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5, 103 Reykjavík

Jóna Þórey Pétursdóttir

Réttur - Aðalsteinsson & Partners, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík

ENDURÚTGEFIN RÉTTINDI

Samúel Gunnarsson

Marel hf., Austurhrauni 9, 210 Garðabæ

Bryndís Guðmundsdóttir

Land lögmenn, Hlíðasmára 9, 201 Kópavogi

Margrét Helga Kristínar Stefánsdóttir

Lagastoð, Lágmúla 7, 108 Reykjavík

Jónas Guðmundsson

Ófanleiti 29, 103 Reykjavík

Pétur Gunnar Thorsteinsson

Utánríkisráðuneytinu, Rauðarárstíg 25, 105 Reykjavík


Ástríður Scheving Thorsteinsson

Embætti borgarlögmanns, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík

SANNAÐU SAKLEYSI ÞITT

Ábending til stjórnar LMFÍ

GESTUR JÓNSSON, LÖGMAÐUR MÖRKINNI
RAGNAR HALLDÓR HALL, LÖGMAÐUR MÖRKINNI



Á undanförunum árum hefur íslenska ríkið margsinnis fengið á sig áfellsdóma frá Mannréttindadómstóli Evrópu (MDE) vegna brota á ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) um réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Auðvitað eru það grafalvarleg tíðindi í hvert skipti sem slíkt gerist.

Samkvæmt 13. gr. MSE hefur ríkið skuldbundið sig til að sjá til þess að sá sem dómstóllinn telur að hafi orðið fyrir slíku broti skuli hafa aðgang að raunhæfu úrræði til að ná rétti sínum. Í 46. gr. sáttmálans er ákvæði um að ríkið skuldbindi sig til að hlíta slíkum dómi. – Og hér skal minnt á að efnisreglur sáttmálans hafa lagagildi hér á landi, þetta eru íslensk lög.

Til þess að ná rétti sínum þurfa viðkomandi einstaklingar að fá mál sín endurupptekin, og komið hefur verið á fót sérstökum dómstóli, Endurupptökudómi, sem tekur afstöðu til þess hvort mál skuli endurupptekið og þá fyrir hvaða dómstóli.

Á liðnu hausti urðu þau undur og stórmerki að Hæstiréttur Íslands dæmdi með stuttu millibili í tveim málum sem höfðu verið endurupptekin í framhaldi af úrskurðum Endurupptökudóms og bar þá svo við að Hæstiréttur vísaði umræddum málum frá Hæstarétti með þeim rökstuðningi að Endurupptökudómur hefði átt að vísa málunum til meðferðar í Landsrétti Þar sem Hæstiréttur hefði enga heimild til að taka munnlegar skýrslur af málsaðilum eða vitnum gæti frekari meðferð málanna í Hæstarétti ekki þjónað neinum tilgangi (hæstaréttarmál nr. 7 og 8/2022).

Í framhaldi af þessum dómum var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála sem sagt var eiga að bæta úr ágöllum á lögnum að þessu leyti. Það varð að lögum nr. 15/2023.

Svo vill til að MDE gefur út og birtir á heimasíðu dómstólsins leiðbeiningar og skýringar við einstök ákvæði sáttmálans og

uppfærir reglulega í samræmi við nýjustu dóma réttarins. Í leiðbeiningum við ákvæði 46. gr. sáttmálans segir m. a.:

Ríki sem ber ábyrgð á broti gegn Mannréttindasáttmála Evrópu hefur þá skyldu að bæta úr brotinu með því að endurskapa þá stöðu sem málið var í áður en brotið var framið, að því gefnu að slíkt sé ekki efnislega ómögulegt (“materially impossible”) og endurupptaka valdi ekki fyrirhöfn sem sé óhæfileg miðað við ávinninginn af því að endurskapa lögmæta stöðu samanborið við að greiða skaðabætur (“does not involve a burden out of all proportion to the benefit deriving from restitution instead of compensation”).

Með öðrum orðum er endursköpun á fyrri aðstæðum (restitution) meginreglan

Breytingin sem gerð var á lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 í kjölfar umræddra dóma tekur ekki mið af þessari túlkun MDE á 46. gr. sáttmálans, heldur gengur hún í þveröfuga átt. Við teljum verulega hættu á því að íslenska ríkið muni enn og aftur fá hirtingu hjá MDE í framtíðinni ef þessu verður ekki breytt aftur hið bráðasta.

Hvernig ætti þá samkvæmt hinum tilvitnuðu leiðbeiningum MDE að endurskapa þá stöðu sem málið var í áður en brotið var framið? Við teljum augljóst að það verði aðeins gert með því að endurtaka munnlega málfutninginn fyrir Hæstarétti og að síðan verði lagður dómur á viðkomandi mál án þess að brjóta gegn ákvæðum sáttmálans. Ráðgerðar skýrslutökur af aðilum og/eða vitnum samræmast ekki leiðbeiningarreglum dómstólsins, enda höfðu málin verið dómtekin eftir að málsaðilar höfðu lýst gagnaöflun lokið og málfutningur farið fram. Okkur finnst einfaldlega að Hæstarétti hafi yfirsést sá möguleiki að til greina gæti komið að kveða upp sýknudóm í stað fyrri sakfellingar.

Í áðurnefndum hæstaréttarmálum voru atvik þau að sakborningar höfðu verið sýknaðir í héraðsdómi en sakfelldir með dómum Hæstaréttar án þess að nokkur bein sönnunarfærsla hefði farið fram þar. Brotin gegn MSE áttu sér því stað þegar dómarrar Hæstaréttar sömdu dóma réttarins með sakfellingunum.

Við teljum að ærin ástæða sé til þess að Lögmannafélag Íslands láti málefni þetta til sín taka. Tilgangur félagsins er skilgreindur í 2. gr. samþykpta þess, félagsins, a-e liðum. Samkvæmt e-liðnum er tilgangurinn

að stuðla að framþróun réttarins og réttaröryggis.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fékk til meðferðar áðurnefnt frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála. Í nefndarálití frá þessari þingnefnd kemur skýrar fram en nokkurs staðar annars staðar hvers konar ógöngur við erum komin í með þessi mál. Þar segir m. a.:

Verður í því tilliti að hafa hugfast að ástæða þess að fallist er á endurupptöku sakamáls, þar sem brotið hefur verið gegn fyrrgreindri

meginreglu um milliliðalausa sönnunarfærslu, er sú að ákærðu fóru á mis við það að geta fært sönnur á ætlað sakleysi sitt milliliðalaust fyrir dómurum.

Þetta nefndarálit er lögskýringargagn – í beinu framhaldi af framlagningu þess voru ósköpin lögfest án mótatkvæða. Og undir nefndarálitíð skrifa allir nefndarmennirnir, en af þeim eru a. m. k. fjórir lögfræðingar.

Við spyrjum: Hvenær var sú regla sett í lög að sakaður maður eigi að sanna “ætlað” sakleysi sitt? Við finnum hana a.m.k. ekki í mannréttindasáttmálanum.

Við teljum að hér sé verk að vinna fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands í ljósi áðurnefnds ákvæðis 2. gr. samþykpta félagsins og hvetjum eindregið til þess að fylgt verði eftir kröfum um að lagaákvæði um þessi efni verði látin samrýmast ákvæðum MSE eins og sáttmálinn er túlkaður af MDE.

NÁMSSJÓÐUR VEITIR STYRKI

Um miðjan júní síðastliðinn veitti stjórn Námsjóðs LMFÍ tvo styrki til útgáfu fræðiritra. Annars vegar fékk Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður hjá Landslögum 350.000 króna styrk til endurskoðunar ritsins *Viðbótarkröfur í verksamningum*, sem upphaflega kom út árið 2004, og hins vegar fengu þeir Karl Axelsson hæstaréttardómari og prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Víðir Smári Petersen dósent við lagadeild Háskóla Íslands og Þorgeir Örlygsson fv. hæstaréttardómari styrk að fjárhæð 1.200.000 krónur til útgáfu *Eignaréttar III*. Styrkþegar munu síðan halda námskeið á vegum félagsdeildar næsta vetur og mun hagnaður, ef einhver er, renna að hluta til í Námsjóð.

Þetta er í annað sinn sem veittur er styrkur úr Námsjóði en áður voru höfundar Eignaréttar II styrktir um sömu upphæð og nú. Í framhaldinu héldu þeir 13 námskeið á vegum félagsdeildar á árabílinu 2020-2023 við mikla ánægju lögmanna sem fást við eignarétt.




F.v. Jóhannes Karl Sveinsson, Víðir Smári Petersen, Sigurður Örn Hilmarsson formaður LMFÍ, Karl Axelsson og Reimar Pétursson formaður stjórnar Námsjóðs. Á myndina vantar Þorgeir Örlygsson.

Þess má geta að áður voru keyptar inn bækur á bókasafn félagsins á vegum Námsjóðs, en nú hefur bókakaupum verið hætt í ljósi minnkandi aðsóknar á safnið. Það er engu að síður ennþá skráð á www.leitir.is og hægt að nálgast bókakost safnsins á opnunartíma skrifstofu félagsins.


EI

LÖGMANNASTÉTTIN ELDIST

Fjöldi og samsetning félagsmanna Lögmannafélags Íslands




Í lok maí 2023 voru félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands 1071 talsins sem er 1% fjölgun frá sama tíma árið 2022 þegar félagsmenn voru 1061. Sé samsetning félagsmanna skoðuð út frá þeim dómstigum sem réttindi þeirra ná til þá má sjá að fjöldi lögmanna sem flutt geta mál fyrir héraðsdómstólum er 697 og fjöldi lögmanna sem auk þess hafa réttindi hafa til málflyttings fyrir Landsrétti er 88. Fjöldi félagsmanna sem aflað hafa sér réttinda til málflyttings fyrir Hæstarétti 285. Loks starfar einn félagsmaður á grundvelli erlendra málflyttingsréttinda.



Alls eru 565 lögmenn sjálfstætt starfandi eða 53% félagsmanna og 168 lögmenn starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna, eða 16%. Þá eru innanhússlögmenn hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum 280 talsins eða 26%, en af þeim starfa 77 hjá ríki eða sveitarfélögum og 203 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Fjöldi lögmanna sem ekki stunda lögmennsstörf sökum aldurs eða veikinda er 52 eða 5%.

Konur í lögmennastétt

Af félagsmönnum í Lögmennafélaginu eru 337 konur eða 31,5%. Nær umrætt hlutfall að jafna áður hæsta hlutfall kvenna í félaginu frá árinu 2016. Þá heldur hlutfall kvenna meðal sjálfstætt starfandi lögmanna áfram að hækka og er nú 40% á móti 39% á sama tíma á síðasta ári. Á móti kemur að hlutfall kvenna sem starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna lækkaði á sama tíma um 1% og er nú 21%. Hlutfall kvenna sem starfa sem innanhússlögmenn helst hins vegar óbreytt milli ára og er 28%. Sama gildir um hlutfall kvenna sem hættar eru störfum vegna aldurs en það er 2%.




Alls eru 269 með réttindi til málflyttings fyrir héraðsdómstólum, 23 með réttindi til málflyttings fyrir Landsrétti og 44 með réttindi til málflyttings fyrir Hæstarétti. Loks starfar ein kona hér á landi á grundvelli erlendra málflyttingsréttinda.

Karlar í lögmennastétt


Af félagsmönnum eru 734 karlar eða 68,5%. Af þeim hafa 428 aflað sér málflyttingsréttinda fyrir héraðsdómstólum, 65 hafa aflað sér málflyttingsréttinda fyrir Landsrétti auk þess sem 241

félagamaður hefur öðlast málflyttingsréttindi fyrir Hæstarétti. Sé litið til starfstengdrar samsetningar karlkyns félagsmanna í Lögmennafélaginu þá er 431 þeirra sjálfstætt starfandi lögmenn, eða 59%, sem er fækkun frá sama tíma á síðasta ári þegar hlutfallið var 60%. Þá starfa 99, eða 13%, sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna sem er 1% lægra hlutfall en á árinu 2022. Fjöldi karla í hópi innanhússlögmanna er 152, eða 21%, sem er 1% hærra hlutfall en á síðasta ári. Af innanhússlögmönnum starfa 115 hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum og 37 hjá ríki eða sveitarfélögum. Þá eru 52 karlar í hópi félagsmanna sem eru hættir störfum sökum aldurs eða veikinda, eða 7%, en þetta hlutfall var 6% á síðasta ári.



Aldursamsetning lögmanna


Af 1071 lögmanni í félaginu eru 603 yngri en 50 ára, eða 56,3%, en til samanburðar var hlutfall þessa aldurshóps 58% á síðasta ári og 65,5% árið 2016. Breyting á aldurdreifingu virðast tiltölulega jöfn milli kynja. Þannig er hlutfall karla undir 50 ára nú 52,2% samanborið við 54% á síðasta ári og hlutfall kvenna á sama aldursbili 65,3% í stað 66,9% á árinu 2022. Hins vegar segja þessi hlutföll okkur að lögmennastéttin er að eldast nokkuð hratt, sem að verulegu leyti má rekja til hægari nýliðunar síðustu ár í kjölfar dræmari aðsóknar á námskeið til öflunar málflyttingsréttinda fyrir héraðsdómstólum.



Hlutfallslega flestir lögmenntu eru á aldrinum 40 – 49 ára, eða 29,6%, sem er örlítill fækkun frá árinu 2022 þegar hlutfallið var 30%. Hlutfall lögmanna á aldrinum 30-39 ára kemur þar á eftir með 23,8%, en hlutfallið var 26% á síðasta ári. Þriðji fjölmennasti aldurshópurinn er svo lögmenn á aldrinum 50-59 ára, eða 22,4% félagsmanna, en hlutfall þeirra var 21,5% á síðasta ári.


Aldursdreifing eftir kyni

Hlutfall karla í félaginu er hæst á aldursbilinu 40-49 ára eða 29,3%, en kvenna á aldursbilinu 30-39 ára, þar sem hlutfallið er 31,8%.




Aldursdreifing út frá starfsvettvangi

Sé aldrarsdreifing skoðuð út frá starfsvettvangi félagsmanna má sjá umtalsverðan mun milli kynja. Á það sérstaklega við í aldurshópnum undir 50 ára. Þannig starfa 52,7% karla undir 50 ára sjálfstætt á móti 27,7% kvenna í sama aldurshópi. Ljóst er hins vegar að þetta bil fer minnkandi en á síðasta ári var hlutfallið 56% á móti 26%. Dæmið snýst hins vegar við þegar skoðað er hlutfall lögmanna í sama aldurshópi sem starfa sem innanhússlögmenn, en nú starfa 24,5% karla undir 50 ára sem innanhússlögmenn samanborið við 43,2% kvenna. Líkt og með sjálfstætt starfandi lögmenn dregur saman með kynjunum, en hlutföllin voru 21% og 44% á síðasta ári. Munurinn er talsvert minni milli þeirra sem eru fulltrúar á lögmennsstofum en í hinum flokkunum tveimur, þar sem 22,7% karla í félaginu fylla þann hóp samanborið við 29,1% kvenna og er um óverulega breytingu að ræða frá síðasta ári.



Ef horft er til starfsvettvangs lögmanna 50 ára og eldri má sjá að munurinn á milli kynja er umtalsvert minni en í hópi lögmanna undir 50 ára. Þannig eru 65,2% karla í þessum hópi sjálfstætt starfandi og 62,4% kvenna. Þrátt fyrir að litlar breytingar hafi orðið á hlutfalli sjálfstætt starfandi í þessum aldurshópi á milli ára, þá hefur sú breyting orðið að hlutfall karla er orðið herra en kvenna, en hlutföllin voru 64% og 66% á síðasta ári. Hlutfall 50 ára og eldri sem starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna er 3,4% hjá báðum kynjum og hefur lækkað úr 4% hjá körlum en hækkað úr 3% hjá konum á milli ára. Líkt og meðal lögmanna undir 50 ára, er langmesti munurinn milli kynja í hópi þeirra félagsmanna sem starfa sem innanhússlögmenn. Þannig starfa nú 16,5% karla sem innanhússlögmenn á móti 29,1% kvenna en á árinu 2022 voru hlutföllin 18% og 27%.



Ingimar Ingason tók saman

BYLTING FRAMUNDAN Í STÖRFUM LÖGFRÆÐINGA



Hafsteinn Einarsson.



Bjarki Steinar Valsson.




Hörður Helgi Helgason.

Það er bókstaflega „allt að gerast“ í tækniheiminum sem stendur nú á þeim tímamótum að fara að nýta mállíkön á borð við ChatGPT sem mun bylta störfum lögfræðinga sem og annarra stétta. Á 60 manna fundi á Nauthóli fimmtudaginn 4. maí síðastliðinn fjallaði Hafsteinn Einarsson lektor í tölvunarfræði við verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands um hagnýtingu gervigreindar í störfum lögfræðinga og Bjarki Steinar Viðarsson nemi í tölvunarfræði kynnti sérhæfða spjallmennið Lawrence, sem hann gerði ásamt félaganum sínum sem lokaverkefni í áfanga hjá Hafsteini. Fundurinn var á vegum áhugahóps um tæknirétt, sem er undirfélag Lögfræðingafélags Íslands, en fundarstjóri var Hörður Helgi Helgason lögmaður.



Eins og sjá má á þessu dæmi er þýðing vélþýðingarlíkans frá Facebook á þessari fyrirspurn foreldris alveg einstaklega og ótrúlega óheppileg.



Hér er svo dæmi um fordóma sem eru innbyggðir í mállíkon sem geta unnið með íslenskan texta.

Hvað hefur breyst?

Hafsteinn sagði myndandi mállíkon á borð við ChatGPT vera gervitauganet sem yrðu sífellt stærri og á einhverjum tímamarki öðluðust þau getuna til að læra út frá samhengi, þ.e.a.s. taka við hvaða skipunum sem er og vinna samkvæmt þeim. ChatGPT er ekki fyrsta myndandi mállíkanið en dæmi um slík eru Google translate, vélþýðing.is og fleiri sem hafa verið notuð í nokkur ár og flestir þekkja. Spurningin, sem að margir væru nú að velta fyrir sér, væri: Hvað hefur breyst? Af hverju er þetta allt í einu orðið svona mikilvægt viðfangsefni?

Áður var gervigreindin þróuð fyrir einhver afmörkuð verkefni. Þá var gögnum safnað fyrir einhver tiltekin verk, t.d. að flokka myndir eða þýða tungumál, og síðan voru líkönin þjálfuð. Þessu fylgdi mikill kostnaður en nú eru þessi stóru mállíkon þjálfuð án merktra gagna og eru orðin nógu stór til að geta myndað texta. „Þessi stóru mállíkon geta myndað texta og þannig leyst almenn vandamál án þess að vera sérstaklega þjálfuð í því. Þau geta leyst hvaða vandamál sem er, maður þarf bara að lýsa því vel í orðum. Ef að við sköpum líkönum rétt samhengi þá geta þau unnið úr því,“ sagði Hafsteinn meðal annars.

Gervigreindin ekki fullkomin

Að sögn Hafsteins eru líkönin á bak við ChatGPT misgóð og þótt að GPT-4 líkanið hafi til að mynda staðist almenn próf, þar á meðal „the Uniform Bar Exam“ í USA, þá geri gervigreindarlíkonin líka mistök og endurspeglir til að mynda fordóma í þjálfunargögnum. Stundum væru þau bara ekki orðin nógu „klár“ til að leysa verkefni og í þeim tilfellum myndi líkanið svara spurningu með bulli á sannfærandi hátt í stað þess að viðurkenna vanþekkingu sína.

Í stuttu máli væri ChatGPT eins og vél sem sérsniði svar við spurningu en gallinn væri sá að ekki væri tryggt að svarið væri

rétt. Þess vegna gætum við nú búist við því að nota ChatGPT til að spara okkur tíma við lausn verkefna, sem við gætum almennt leyst sjálf, en við þyrftum að sannreyna hvort upplýsingarnar væru réttar. Líkonin gerðu mistök og væru ekki alltaf áreiðanleg en það myndi svo væntanlega breytast hratt.

Upplýsingaóreiða og undirbyggjandi fordómar

Gagnrýnendur gervigreindar óttast að hún muni leiða af sér upplýsingaóreiðu m.a. vegna þess ekki sé tryggt að svör séu rétt, og eins óttast þeir að ofurgreindin taki yfir á skömmum tíma, verði stjórnlaus og að störf muni tapast. Hönnuðir gervigreindar þurfi hins vegar að vinna með eftirlitsfyrirvöldum sem verða nú að móta stefnu og hafa yfirumsjón með gervigreindarkerfum ásamt því að tryggja rekjanleika gagna.

Þessi stóru mállíkon, með getu til að vinna út frá samhengi, komu fyrst fyrir u.þ.b. þremur árum síðan en ástæðan fyrir því að ekki var búin til lausn fyrir almenning þá er sú að þau voru hlaðin gögnum sem voru full af fordómum sem endurspegluðust svo í líkaninu. „Ástæðan fyrir því að við getum notað þessi líkon í dag er sú að





Það er búið að „temja“ þau, búið að kenna þeim að haga sér og minnka aðeins þessa fordóma sem eru þó enn undirliggjandi,“ sagði Hafsteinn og að þjálfunarferlið væri ekki svo flókið.

Fyrirtækið Miðeind hefur tekið þátt í þjálfun á ChatGPT-4 líkaninu á íslensku og sjálfboðaliðar frá Háskóla Íslands og Íslenskri erfðagreiningu hafa hjálpað til. Hafsteinn sagði að íslenskan væri enn sem komið er léleg vegna þess að notað hefði verið mikið af lélegum vélþýddum texta á íslensku af netinu. Búið væri við því að næsta útgáfa yrði miklu betri.

Hafsteinn velti fyrir sér ýmsum álitaefnum varðandi höfundarétt efnis sem ChatGPT skrifar. Til dæmis ef að ChatGPT væri matað á lögum Kanye West og svo beðið um að búa til lag sem væri svipað lögum hans, hver ætti þá höfundaréttinn? Slíkum spurningum væri ennþá ósvarað en ekki mætti skrá ChatGPT sem höfund greina.

Framundan

Að sögn Hafsteins væri nú byrjað að tengja líkönin betur við raunheima og til dæmis gæti spjallmenni hjá BING flett upp á upplýsingum á netinu. Svo væri hægt að setja inn Excel skjal og biðja líkanið um að greina upplýsingarnar sem fram koma í því og þannig væru margir byrjaðir að nota ChatGPT sem einhvers konar ritara.

Þá athugaði Hafsteinn hvað væri búið að hanna verðandi lagaumhverfið og fann svokallaða „www.spellbook.legal.com“ sem hjálpar lögfræðingum til að skrifa drög að samningum. Einnig fann hann einn fyrsta róbotalögfræðinginn í heimi hér, „www.donotpay.com“ en á síðunni er langur listi yfir það sem hann ætti að geta gert og sagt að ekki þyrfti lengur lögfræðing til aðstoðar! Upplifun notenda af síðunni væri hins vegar ekkert sérlega jákvæð og þegar stofnandi fyrirtækisins ætlaði að bjóða einhverjum að nota kerfið sem lögfræðing í alvöru máli þá hefði hann verið stoppaður af. Hafsteinn taldi að þótt ýmislegt mætti

finna að þessu þá væri þetta samt nálægt því sem tæknin gæti gert á endanum.

Hafsteinn sagði í lokin að þessar tækniframfarir væru hvati til að skapa meira virði, og hraðar en áður, en sumir teldu að tækniframfarir héldu áfram í veldisvísisvexti og óttuðust jafnvel að tæknin færi að stjórna okkur. En eins og staðan væri í dag þá séu þessi líkön hins vegar ekki nógu klár til að taka yfir heiminn.

Hann Lawrence

Bjarki Steinar útbjó sérhæft spjallmenni sem lokaverkefni í námskeiði hjá Hafsteini, ásamt Degi Sigurði Úlfarsyni samnemanda sínum, fyrir lög og reglugerðir sem þeir nefndu Lawrence.

Nemarnir settu allar lagagreinar í þekkingarbanka og báru síðan upp lögfræðilegar spurningar sem hafði áður verið svarað á Vísindavefnum. Ef spjallmennið var ekki með svarið átti það að svara „ég veit það ekki“ í staðinn fyrir að bulla. Af 70 spurningum svaraði Lawrence 49 spurningum líklega réttum en fann ekki viðeigandi upplýsingar í 21 tilviki. Almenn lofar þessi aðferð mjög góðu enda var einungis um lítið mengi að ræða. Hægt væri að bæta dómum inn í þekkingarbanka Lawrence til að bæta árangurinn.


Í lokin

Markmið fundarins var að gefa lögfræðingum innsýn í hvað myndandi mállíkön væru, hvað skildi þau frá leitarvélum á Netinu og hvernig mætti búast við að lögfræðingar geti nýtt þessa nýju tækni í störfum sínum. Af spurningum og umræðum í lok fundarins má álykta að það markmið hafi náðst.

Ljóst er að framundan eru spennandi tímar fyrir lögfræðinga að nýta sér þessa nýju tækni sem gæti aukið framleiðni til muna eins og gert þeim skráveifu ef of mikið er treyst á tæknina.

[Eyrún Ingadóttir tók saman](#)

GERVIGREINDIN MUN BREYTA OG BYLTA



Það eru margir að velta fyrir sér hvernig gervigreindin muni breyta störfum á komandi misserum. Mun hún breyta viðskiptamódeli lögmanna, t.d. þannig að tímagjald verði úr sögunni? Munu skjólstæðingar lögfræðinga skipta út ráðgjöf lögmanna fyrir ágiskanir gervigreindarforrits? Missa lögfræðingar vinnuna vegna gervigreindar? Lögmanna blaðið gluggaði í tímarit systurfélaga á Norðurlöndum, *Advokatbladet* í Noregi og *Akvokaten* í Svíþjóð, sem hafa meðal annars velt þessum spurningum fyrir sér.

Advokatbladet spurði reyndar ChatGPT forritið að því hvort lögfræðingar yrðu óþarfir og svarið var að það yrði ekki þótt enginn vafi væri á því að tæknin myndi bylta störfum þeirra.

Gervigreind og spjallmenni

Margir eiga erfitt með að greina muninn á gervigreind og t.d. „spjallmenni“ sem mörg fyrirtæki eru með á heimasíðum sínum. Spjallmenni tengja saman spurningar og fyrirfram skrifuð svör en með gervigreindinni verður til alveg nýr texti sem byggir á þeim upplýsingum sem vélin hefur verið þjálfuð með en eru hins vegar settar í allt annað samhengi – og jafnvel í samhengi sem enginn sá fyrir.

Fæstir viðmælendur *Advokatbladet* töldu að til yrði einhvers konar „lögfræðinga-vélmenni“ sem gæti allt betur en hins vegar yrði samvinna tækni og þekkingar lögfræðinga til þess að hægt yrði að komast að réttari lögfræðilegri niðurstöðu á mun styttri tíma en áður og að aðgengi að upplýsingum yrði mun betra. Það sama gildi um aðgengi að góðri lögfræðiþjónustu ef að þessi líkön yrðu jafn góð og bestu lögfræðingarnir. Þá er gert ráð fyrir að mállíkonin hafi gríðarleg áhrif á hagvöxt en samkvæmt spá PwC gæti gervigreindin lagt meira en 15 trilljón dollara af mörkum til hagkerfa heimsins árið 2030.

Rétt notuð tækni getur stuðlað að skilvirkni og gæðum en áhættur eru margar. Ef gervigreindin er þjálfuð á röngum gögnum kemst hún að rangri niðurstöðu. Það gerir fólk auðvitað líka en gervigreindin gerir það á stærri skala og svo miklu hraðar. Því flóknari sem gervigreindin er því meiri verður skilvirkni hennar og þegar hún eykst má reikna með að tilhneiging okkar til að treysta henni fyrir ákvarðanatöku aukist samhliða og það er varhugavert. Þá gerir gervigreindin ekki greinarmun á sannleika

„Við vitum að gögn fara inn í kerfið en við vitum ekki hvað gerist nákvæmlega þarna inni þegar gögnin koma út aftur.“

Evelina Anttila í *Advokaten*

og lygum og upplýsingarnar sem mállíkonin hafa verið mötuð á eru full af fordómum og mismunum sem enda síðan í úrlausnum. Erfitt getur orðið að vinda ofan af því. Ýmsar spurningar vakna síðan um höfundarétt efnis og persónuvernd.

Talsvert hefur verið rætt um að í röngum höndum geti gervigreindin orðið að alvarlegu vandamáli og það er m.a. ástæðan fyrir því að 1150 sérfræðingar hafa hvatt til þess að hægja á þróun hennar. Í *Advokaten* segir Charlotta Kronblad lögfræðingur, sem hefur um nokkurra ára skeið rannsakað áhrif stafrænnar innleiðingar á réttarkerfið og lögfræðistofur, að það sé gott að menn séu hugsi yfir gervigreindinni en einhliða stöðvun á þróun hennar í lýðræðisríkjum muni ekki skipta miklu ef þessi tækniþróun heldur áfram annars staðar, s.s. í Kína. Mikilvægast sé að tryggja að regluverkið fylgi þróuninni og best að vera með tæknihlutlausar reglur sem beinast að afleiðingum tækninnar í stað þess að einblína á hvaða tækni sé notuð.

Gervigreindin þegar í notkun

Breska lögmannastofan Allen & Overy hefur verið að nota gervigreind í tilraunaskyni. Stofan, sem er með 3500 lögfræðinga í 33 löndum, notar gervigreind byggða á ChatGPT-4, sem kallast Harvey, og hafa starfsmenn stofunnar sett inn mikið magn gagna svo lögfræðingarnir geti skilað hraðari og hagkvæmari lausnum, t.d. með greiningu samninga og fleira.



ChatGPT er ekki eina forritið sem er að breyta heiminum. Einnig má nefna Dall-E, Midjourney, Bing, Bard og Stable Diffusion en hið síðastnefnda er einmitt ábyrgt fyrir meðfylgjandi myndum. Það tekur aðeins nokkrar sekúndur að fá mynd af gervigreindarlögfræðingum og sjá: Stafrænt listaverk er komið á skjáinn!

Lagareglur

ESB stefnir að því að samþykkja nýja heildstæða löggjöf um gervigreind fyrri árslok með það að markmiði að lagaumhverfið styðji við þróun og hönnun öruggrar og áreiðanlegrar gervigreindar. Fátt bendir þó til þess að hún taki gildi fyrir en árið 2025 sem viðmælendur *Advokaten* töldu að gæti verið of seint. Þá hófust í apríl sl. samningaviðræður í Evrópuráðinu til að reyna að tryggja að hönnun, þróun og notkun gervigreindar verði í samræmi við mannréttindi og lýðræðislegar grundvallarreglur í réttarríkinu.

Þess má geta að á Lagadaginn 13. október næstkomandi mun málstofa fjalla um þessa nýju byltingu sem er handan við hornið út frá lagalegum áskorunum.

Framtíðin er núna

Margt bendir til þess að gervigreind muni breyta því hvernig við vinnum, höfum samskipti, lærum og lifum. Til að svara spurningunum sem lagt var upp með í byrjun þessarar greinar má segja að niðurstaðan sé sú að lögfræðingar missi kannski ekki vinnuna vegna gervigreindarinnar í fyrirsjáanlegri framtíð en störf þeirra muni breytast. Gervigreindin verður tæki í verkfærakistu lögmanna og lögfræðinga, mun gera starf þeirra skilvirkara þannig að fleiri viðskiptavinir geta fengið þjónustu og núverandi viðskiptavinir fá meiri þjónustu. Þannig að svar gervigreindarinnar í *Advokatbladet* var líklega rétt.

Nánar má lesa um gervigreindina í 4/2023 *Advokaten* og 3/2023 *Advokatbladet*.

[Eyrún Ingadóttir tók saman](#)

HVERNIG MUN GERVIGREINDIN BREYTA STÖRFUM LÖGFRÆÐINGA?

Hin ókeypis útgáfa af ChatGPT svaraði þessari spurningu svona:

Gervigreindin getur haft mikil áhrif á störf lögfræðinga á mörgum sviðum. Hér eru nokkur dæmi um það:

- Getur hjálpað lögfræðingum við að leita upplýsinga í laga- og dómasöfnum. Þetta getur sparað mikið af tíma og auðveldað faglega vinnu.
- Getur nýst við rannsóknir á lögum, dómsúrskurðum og fundið fræðigreinar.
- Hjálpar lögfræðingum að fá aðgang að mikilvægum upplýsingum við mál sem þeir eru að vinna að.
- Skipuleggur og veitir ráðgjöf um lagaleg álitamál, t.d. við samningagerð.
- Þróar prófkerfi og réttarferla sem eru gagnleg í lögfræði. Til dæmis gæti gervigreindin hjálpað við að flokka og túlka lagaákvæði eða aðstoðað við dómsmál.
- Greinir og endurskapar texta, til dæmis lagaákvæði eða dóma, og samantekt þeirra.
- Aðstoðað lögfræðinga að vinna sig fljótt og nákvæmlega í gegnum mikið magn upplýsinga.
- Hins vegar er gervigreindin enn í þróun og lögfræði er flókið og huglægt svið sem krefst mannlegrar sýnar. Gervigreindin getur aðeins verið tól til aðstoðar lögfræðingum en gagnast ekki ein og sér.¹

¹ Þar sem gervigreindin er ekki orðin nógu góðu í íslensku voru þessi svör prófarkarlesin.

SAMEIGINLEGT EVRÓPSKT EINKALEYFI

Sérdómstóll ESB í
einkaleyfamálum

ÁRNI VILHJÁLMSOON LÖGMAÐUR
LOGOS LÖGMANNSPJÓNUSTU



Hinn 1. júní 2023 tók til starfa nýr sameiginlegur dómstóll, eða öllu heldur sérstakt dómskerfi, í einkaleyfamálum á grundvelli milliríkjasamnings 25 aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB) frá 19. febrúar 2013 um sameiginlegan einkaleyfadómstól (Unified Patent Court Agreement). Það voru einungis Spánn, Pólland og Króatía sem ekki undirrituðu þennan milliríkjasamning og þá hefur Bretland gengið úr skaftinu í framhaldi af Brexit. Til samningsins verður í þessu greinarkorni vísað til sem „UPC samningsins“. Grunnurinn að þessu nýja kerfi er að gildistöku samningsins fylgir sá valkostur að fá útgefið eitt einkaleyfi sem gildir í öllum aðildarríkjum samningsins, svokallað „Unitary Patent“ sem ég kys að nefna UP-einkaleyfi. Hingað til hafa þau einkaleyfi sem réttarvörslukerfi einstakra ríkja ná til, þ.m.t. allra ríkja ESB, verið bundin við landamæri hvers ríkis fyrir sig. Nú verður hægt að fá bindandi úrlausn þessa sérdómstóls varðandi m.a. einkaleyfisbrot og afturköllun/ógildingu útgefinna Evrópueinkaleyfa (þ.m.t. UP-einkaleyfa).

Við gildistöku hafa 17 aðildarríki ESB fullgilt samninginn en gildistaka var bundin við að 13 aðildarríki fullgiltu hann og jafnframt áskilið að fullgilding væri til staðar af hálfu þeirra þriggja ríkja þar sem flest einkaleyfi voru í gildi árið fyrir undirritun samningsins (Þýskaland, Frakkland og Ítalía). Aðild að þessu kerfi er „hvenær sem er“ opin þeim tíu ESB ríkjum sem utan kerfisins standa en EES ríki utan ESB eiga ekki tæknilegan möguleika á aðild. Einkaleyfishafar með heimilisfesti utan ESB, þar með talið íslenskir, geta þó átt verulegra hagsmuna að gæta eigi þeir einkaleyfaréttindi innan aðildarríkja UPC samningsins og/eða eigi þeir t.d. aðild að meintu einkaleyfisbroti innan þessarar lögsögu. Sama á við um rétthafa utan Evrópu. Hér er á ferðinni veruleg breyting að því er varðar meðferð á þeim

mikilvægu hagsmunum sem tengjast réttinum til uppfinninga þar sem sá réttur hefur landfræðilega verið bundin við landamæri einstakra ríkja og lögsögu dómstóla hvers ríkis fyrir sig. Áður en lengra er haldið er rétt að gera í stuttu máli grein fyrir því alþjóðlega kerfi sem um einkaleyfin véla.

Alþjóðlegt einkaleyfakerfi

Nútíma einkaleyfaréttur byrjaði að þróast með iðnbyltingunni í lok 18. aldar en sett voru lög um einkaleyfi í Bandaríkjunum árið 1790 og í Frakklandi 1791. Hér á landi voru fyrst sett einkaleyfalög árið 1923 sem voru í gildi allt þar til núgildandi lög nr. 17/1991 öðluðust gildi. Til þessa hefur hið alþjóðlega einkaleyfakerfi byggst á gagnkvæmri viðurkenningu á réttindum

innan einstakra þjóðríkja. Einkaleyfi fyrir uppfinningum eru veitt umsækjendum af hálfu einkaleyfayfirvalda í hverju landi fyrir sig og er gildissviðið bundið við landamæri hvers ríkis. Dómstólar viðkomandi ríkis hafa einir lögsögu varðandi mál er varða meint brot á einkaleyfarétti, ógildingarmál eða önnur ágreiningsmál sem byggjast á þessum réttindum. Parísarsamþykktin frá 1883, um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar sem fékk upphaflega lagagildi hér á landi með lögum nr. 102/1961, lagði grunninn að alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði og er enn í fullu gildi. Samþykktin mælir í fyrsta lagi fyrir um það að lönd þau sem eiga aðild að samningnum (í dag alls 174 fullvalda ríki) stofna með sér samband til verndar eignarréttinda á sviði iðnaðar (einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.). Þannig eiga borgarar hvers sambandsríkis, að því er þessi réttindi varðar, að njóta sömu réttinda og önnur sambandsríki veita eigin þegnum. Þá er í öðru lagi mælt fyrir um svokallaðan forgangsrétt sem gildir í eitt ár fyrir einkaleyfin í hverju tilviki fyrir sig. Sú regla felur m.a. í sér að eftir að einkaleyfisumsókn hefur verið lögð inn í einhverju sambandsríkja geta umsækjendur opinberað uppfinningu sína án þess að það hafi áhrif á grundvallarskilyrðið um nýnæmi uppfinningarinnar í öllum öðrum sambandsríkjunum. Fleiri fjölþjóðlegir samningar sem máli skipta hafa verið gerðir að því er varðar meðferð einkaleyfaumsókna. Þar má nefna PCT samninginn frá 1970 (Patent Cooperation Treaty) sem fullgiltur var samhliða setningu núgildandi einkaleyfalaga árið 1991, sbr. III. kafla laganna. Þá má einnig nefna svokallaðan TRIPS samning frá 1994 (Agreement on Trade Related Aspects of Intellectual Property Rights). Helstu efnisreglur þess samnings voru tekin upp í einkaleyfalögin með breytingarlögum nr. 36/1996.

Einkaleyfakerfið í Evrópu

Hvað einkaleyfismál innan Evrópu varðar hefur evrópski einkaleyfasamningurinn (EPC), sem tekur til umsókna- og veitingarferlis umsókna um einkaleyfi, mesta þýðingu en hann var undirritaður í München 1973 og gjarnan kenndur við þá ágætu borg. Með EPC var Evrópska einkaleyfastofnunin (EPO) sett á laggirnar en hennar hlutverk er að taka á móti umsóknum um evrópsk einkaleyfi, rannsaka miðlægt hvort einkaleyfisskilyrði séu fyrir hendi og síðast en ekki síst að veita evrópsk einkaleyfi, eða eftir atvikum hafna umsóknum um einkaleyfi. Mikilvægt er að hafa í huga í þessu sambandi að slíkt einkaleyfi öðlast ekki gildi í viðkomandi landi nema með sérstakri staðfestingu að ósk rétthafans.

EPC samningurinn er milliríkjasamningur sem gerður var að undirlagi Evrópuráðsins. EPO er sem sagt ekki ein stofnanna ESB, enda eiga alls 38 ríki í Evrópu aðild að samningnum í dag. Ísland fullgilti samninginn árið 2004. Eins og áður er getið öðlast evrópskt einkaleyfi ekki gildi í ríkjum samningsaðila nema með sérstakri staðfestingu, sbr. 77. gr. einkaleyfalaganna og samkvæmt umsókn frá rétthafa þar um. Það sem meira er um vert í þessu sambandi er að t.a.m. almennar reglur íslensku einkaleyfalaganna um brottfall, ógildingu og/eða einkaleyfisbrot heyra undir íslensku Hugverkastofuna og lögsögu íslenskra dómstóla. Sama á auðvitað við í ríkjum annarra samningsaðila. Þetta leiðir til þess að algengt er að höfðuð séu dómsmál í mörgum ríkjum samtímis út af einni og sömu uppfinningunni. Það hefur oftast en ekki hefur leitt til mismunandi niðurstöðu milli einstakra ríkja. Samt sem áður geta úrlausnir einstakra dómstóla í þessum efnunum haft verulega þýðingu, sem og úrlausnir Evrópuþingdómstólsins, er kemur að túlkun á einstökum lagaatriðum þegar einkaleyfi í einstökum ríkjum eiga í hlut.

Ásar – þýðingar og túlkun slf.

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi, EU-ACI

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Reykjavík » Sími: 897 2717
Netfang: ellening@simnet.is



Á kynningarfundum sem Hugverkastofan stóð fyrir, ásamt fleirum, 23. maí sl. var fjallað um hverju eitt evrópskt einkaleyfi myndi breyta og hvaða praktísku atriði íslenskir einkaleyfishafar, umsækjendur og umboðsmenn þyrftu að hafa í huga á næstunni. Fyrirlesarar voru Pierre Treichel lögfræðingur hjá Evrópsku einkaleyfastofunni, sem kynnti Unitary Patent, Margrét Hjálmarsdóttir yfirlögfræðingur Hugverkastofunnar, sem fjallaði um skipulag hins sameiginlega einkaleyfadómstóls og hverju hann muni breyta, og Anna Valborg Guðmundsdóttir lögfræðingur Össurar, sem fjallaði um hverju eitt evrópskt einkaleyfi breytir frá sjónarhóli Össurar. Fundarstjóri var Borghildur Erlingsdóttir forstjóri Hugverkastofunnar.

Grunnregla Parísarsamþykktarinnar um svæðisbundin réttindi innan einstakra ríkja er enn í fullu gildi og allt tal sem stundum heyrir um alþjóðleg einkaleyfi með gildissvið án landamæra er ekki og hefur aldrei átt við rök að styðjast.

Sameiginlegt evrópskt einkaleyfi – Unitary Patent

Því hefur um árabil verið haldið á lofti innan ESB að framangreint kerfi sé fyrir margra hluta sakir bæði of dýrt og óþarflega flókið. Það þarf að staðfesta („validera“) Evrópueinkaleyfin í hverju landi fyrir sig með tilheyrandi þýðingum og kostnaði. Að halda uppi vernd og verjast brotum á þessum réttindum í mörgum aðildarríkjum hefur verið talin hindrun að því er varðar virkni innri markaðar ESB. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (EB) hafði þegar frumkvæði að því árið 1959 að þáverandi aðildarríki tóku upp viðræður um að sett yrði á laggirnar EB-einkaleyfi og sameiginlegur einkaleyfadómstóll, en þær tilraunir sigldu í strand. Allnokkrar fleiri tilraunir voru gerðar í þessa veru. Það var síðan árið 2011 að á grundvelli tveggja ESB reglugerða var lagður er grunnur að UP-einkaleyfinu. Megin einkenni þess eru þau að það er felld inn í fyrirliggjandi regluverk EPC samningsins. EPO tekur á móti umsóknum um UP-einkaleyfi, rannsakar hvort einkaleyfisskilyrði séu fyrir hendi og eftir atvikum

hafnar umsókn eða veitir leyfið. Slíkt einkaleyfi hefur gildi í öllum 17 ESB ríkjanna, sem fullgilt hafa samninginn, og mun á síðari stigum ná til allt að 25 ESB ríkja. UPC samningurinn kveður á um aðlögun að hinu nýja kerfi til sjö ára þannig að fyrst um sinn er um valkvæðan rétt að ræða til hliðar við núverandi kerfi. Á þessum sjö ára aðlögunartíma geta umsækjendur sagt sig undan því að farið verði með umsókn þerra sem UP-einkaleyfi („opt-out“) og þar með lögsögu hins nýja dómstóls. Fyrir þau ríki sem ekki eiga aðild að samningnum, þ.m.t Ísland, þarf eftir sem áður að staðfesta evrópska einkaleyfið af hálfu Hugverkastofunnar og íslenskir dómstólar hafa lögsögu í málum sem upp kunna að koma hér á landi. UP-einkaleyfið hefur ekki gildi hér á landi en hið nýja kerfi kemur er fram líða stundir til með að hafa áhrif á íslensk fyrirtæki og frumkvöðla sem leita einkaleyfisverndar í Evrópu. Á kynningarfundum Hugverkastofunnar, Lögmannafélags Íslands og fleiri aðila um UP-einkaleyfi og sameiginlegan einkaleyfadómstól nýverið kom m.a. fram að Össur hf., sem eðli máls samkvæmt á mikið undir í þessu, mun fyrst um sinn nýta sér þennan úrsagnarrétt frá hinu nýja kerfi. Það er eðlilegt að hagsmunaaðilar stígi varlega til jarðar meðan hið nýja kerfi er að mótast.

Sameiginlegur einkaleyfadómstóll - Unified Patent Court

Sem fyrr segir gengur Parísarsamþykktin frá 1883 út frá því að einkaleyfi séu svæðisbundin réttindi bundin við lögsögu einstakra ríkja. Í þessu nýja kerfi verður UP-einkaleyfið veitt með miðlægum hætti af hálfu Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar yfir landamæri aðildarríkja samningsins. Því verður að líta á samningssvæðið sem eitt „ríki“ í þessu sambandi sem kallar á úrlausn að því er varðar réttarvörsluna. Þetta er flókið úrlausnarefni enda tók mörg ár að finna ásætlanlega lendingu í málinu. Í álitinu frá því í mars 2011 (OPINION 1/09 OF THE COURT (Full Court)) hafnaði Evrópudómstóllinn (ECJ) upphaflegum samningsdrögum um sameiginlegan dómstól sem borin voru undir hann. Eftir nokkrar breytingar á drögum, þar sem tekið var á ábendingum ECJ, var endanlegur samningur undirritaður í febrúar 2013 (Agreement on a Unified Patent Court (2013C 175/01)). Þar sýnist mestu máli skipta að UPC dómstólnum er skv. 24. gr. samningsins skylt að leita eftir álitinu ECJ að því er varðar beitingu evrópuréttar í úrlausnum sínum með sama hætti og dómstólum í einstökum ESB ríkjum ber að gera og eru ákvarðanir ECJ bindandi fyrir UPC dómstólinn. Þannig fær dómstóllinn svipaða stöðu og dómstólar í aðildarríkjum ESB hafa að þessu leyti enda eru ágreiningsmál varðandi UP-einkaleyfi tekin undan lögsögu dómstóla í aðildarríkja samningsins. Að því er varðar fullnustu dóma frá UPC dómstólnum gilda ákvæði Lúganósamningsins um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum, sbr. 31. gr. samningsins.

Það má segja að það sé rangt að tala um dómstól í eintölu í þessu sambandi þar sem nú hafa verið settir á stofn dómstólar á tveimur dómstigum í þessu kerfi. Stofnanir UPC samningsins eru undirdómstóll (Court of First Instance), áfrýjunardómstóll (Court of Appeal) og skrifstofa (Registry). Undirdómstóllinn starfar í undirdeildum með aðsetri á nokkrum stöðum í Evrópu. Þrjú dómáramur sitja í réttinum í hverju máli fyrir sig.

Áfrýjunardómstóllinn verður með aðsetur í Luxemborg og skipa hann fimm dómáramur, þar af þrjú löglærðir og tveir með tæknilegan bakgrunn. Gert er síðan ráð fyrir að ekki séu tveir dómáramur af sama þjóðerni í sama máli.

Undir lögsögu dómstólsins, sbr. 3. gr. UPC samningsins, falla mál er varða UP-einkaleyfi, viðbótarvottorð UP-einkaleyfa (sjá 65.gr.a. í íslensku einkaleyfalögum til skýringar), hefðbundin evrópsk einkaleyfi í gildi eða veitt eftir 1. júní 2023 og meðferð einkaleyfisumsókna sem eru til meðferðar eða lögð inn eftir 1. júní 2023. Ágreiningsmál sem undir dómstólinn heyra skv. 32. gr. samningsins eru m.a. byrjuð eða yfirvofandi einkaleyfisbrot og nytjaleyfisbrot, kröfur um ógildingu og afturköllun UP-einkaleyfa, lögbannskröfur (actions for provisional and protective measures), skaðabótakröfur vegna brotamála o.s.frv. Nær lögsagan að því er virðist til allra hefðbundinna ágreiningsmála er varða þessi einkaleyfi sem til þessa hafa heyrt undir dómstóla einstakra ríkja. Með fyrirvar fyrir dómstólnum fara lögmenn með málflutningsréttindi í samningsríkjunum og evrópskir einkaleyfasérfræðingar (European Patent Attorneys) sem hafa jafnframt réttindi til þess að reka mál gagnvart EPO.

Að lokum má velja upp þeirri spurningu hverju UP-einkaleyfið og sameiginlegur einkaleyfadómstóll breytir? Meintur ávinningur er m.a. lægri kostnaður við að halda uppi vernd uppfinninga í mörgum löndum, samræmi og einsleitni í dómsniðurstöðum, skjótari og einfaldari málarekstur og sérhæfing dómara. Vissulega eru þetta þýðingarmiklir markaðir fyrir fyrirtæki með alþjóðlega starfsemi sem UP-einkaleyfin ná til. Er fram líða stundir munu skapast fordæmi í dómsniðurstöðum sem meira samræmi verður í en ekki er laust við að dómstólar hafi frá einu landi til annars nálgast þessi álitaefni með mismunandi hætti sem leitt hefur til gagnstæðra niðurstaðna um sama ágreining.

Árni Vilhjálmsson

PRENTUN

Litla & prent

Umhverfisvæn og svansvottuð prentsmiðja - www.litlaprent.is

SKJÓLSTÆÐINGAR Í GÆSLUVARÐHALDI

Á námskeiði Lögmannafélagsins 11. maí sl. fjallaði Anna Kristín Newton, sérfræðingur í klínískri- og réttarsálfræði, um andlegan stuðning við skjólstæðinga í gæsluvarðhaldi.

Meðal annars kom fram að mikil aukning hefur verið á notkun gæsluvarðhaldsúrreðisins síðastliðin ár og að dómstólar fallist á kröfu lögreglu um gæsluvarðhald í yfirgnæfandi fjölda tilvika. Á árunum 2012-2012 voru að meðaltali 129 einstaklingar úrskurðaðir í gæsluvarðhald á Íslandi á ári hverju og á hverjum tíma sitja að meðaltali 25 manns í gæsluvarðhaldi, þar af tveir í einangrun. Stærsti hluti þeirra sem sæta gæsluvarðhaldi eru erlendir ríkisborgarar.

Áhrif á heilsufar

Anna Kristín sagði að einangrunarvist geti haft víðtæk áhrif á bæði líkamlegt og andlegt heilsufar þess sem henni sætir. Þó líkamleg einkenni jafni sig yfirleitt fljótt eftir að einstaklingur losnar úr einangrun geta afleiðingar á andlega heilsu einstaklinga verið langvarandi. Einangrunarvist fylgir félagsleg einangrun enda eru samskipti fanga takmörkuð við starfsfólk fangelsisins, heilbrigðisstarfsfólk, þegar við á, og verjanda. Einvera er mikil, allt að 23 klst. á sólarhring, aðgangur að afþreyingu er takmarkaður og skortur er á umhverfisáreitum og virkni. Þetta, ásamt þeim skorti á sjálfræði sem gæsluvarðhald felur í sér, á þátt í því að almennt dregur úr getu einstaklings í gæsluvarðhaldi til þess að hugsa skýrt og vinna úr upplýsingum. Svokallað „Einangrunar heilkenni“ (e. Isolation



Anna Kristín Newton.

syndrome) birtist gjarnan í kvíða, þunglyndi, reiði og hugrænum erfiðleikum, s.s. skorti á athygli, einbeitingu, minnisvanda og ruglingi. Hugrænir erfiðleikar geta leitt til þess að einstaklingar sem hafa sætt einangrun eigi erfitt með að muna atvik í tímaröð og hætt er við að erfiðleikar við einbeitingu og minnisvandi

geti haft áhrif á samræmi framburðar þeirra sem setið hafa í einangrun. Þá getur heilkennið valdið skynjunartruflunum, ofsóknarkennd og leitt til sjálfsskaða.

Hlutverk verjenda

Verjendur þeirra sem sæta gæsluvarðhaldi, og þá einkum einangrun, gegna lykilhlutverki í að aðstoða einstakling við að komist í gegnum vistina þannig að sem minnstur skaði verði af. Til viðbótar við samskipti við fangann sjálfan sjá verjendur gjarnan um samskipti og upplýsingagjöf til aðstandenda sem ekki hafa önnur ráð til þess að fá fregnir af fanganum en í gegnum verjanda hans.

Þeir þættir sem geta hjálpað einstaklingi við að komast í gegnum einangrunarvist eru að sögn Önnu Kristínar m.a. að halda rúttinu, næring, hreyfing, afþreying, útivist, samskipti við starfsfólk fangelsisins, og að reyna að hafa stjórn á hugsunum sínum. Eins og gefur að skilja reynist þó mörgum fongum erfitt að viðhalda þessum þáttum í gæsluvarðhaldi af ýmsum ástæðum.

Nokkrir þættir sem Anna Kristín nefndi að væru mikilvægir fyrir verjendur að hafa í huga í samskiptum við skjólstæðinga í gæsluvarðhaldi eru:

- Að halda ró og tala rólega og yfirvegað.
- Að hlusta og spyrja opinna spurninga.
- Að viðurkenna þá stöðu sem einstaklingur er í og hughreysta af raunsæi.
- Að aðstoða við hagnýt mál.
- Að veita öruggar upplýsingar og umorða, skýra og draga saman, frekar en að “dæla út” upplýsingum.
- Að huga að framkomu og líkamstjáningu, sem er jafnvel mikilvægari en það sem sagt er.
- Að hvetja fanga til þess að nýta starfsfólk fangelsanna.

Góð leið til þess að styðja við einstakling í gæsluvarðhaldi er að aðstoða viðkomandi við taka einn dag í einu og spyrja hvað hægt sé að gera til þess að aðstoða í þeirri stöðu sem uppi er. Þannig er t.d. gagnlegt að spyrja hvað skipti viðkomandi mestu máli núna,

hvað geti hjálpað honum mest núna og hvað sé erfiðast núna. Verjendur gegna mikilvægu hlutverki í að setja upplýsingar sem koma frá skjólstæðingi tengt þessum atriðum í samhengi við það sem hægt er að gera og átti sig á hvað er í boði (og hvað ekki) til að létta á einstaklingi í þeirri stöðu sem uppi er.

Og þetta ber að varast

Þeir þættir sem Anna Kristín nefndi að verjendur ættu að forðast eru t.d.:

- Að lenda í rökræðum eða fara í vörn ef einstaklingur er reiður eða óvinveittur.
- Að bjóða fram aðstoð sem ekki er til staðar.
- Að segja einstaklingi hvað hann á að gera.
- Að taka þátt í ásökunum eða annarri neikvæðri hugsun.
- Að gera samanburð eða færa aðstæður á versta veg.
- Að gera lítið úr tilfinningum viðkomandi.
- Að ala á sektarkennd.
- Að slá öllu upp í grín.

Sem dæmi um setningar sem verjendur ættu að forðast að segja við skjólstæðinga í gæsluvarðhaldi nefndi Anna Kristín t.d.: „Ég veit nákvæmlega hvernig þér líður“ - „Ég skil hvað þú ert

að ganga í gegnum“ - „Þetta hefði getað farið verr“ - „Lítu á hjörtu hliðarnar“ - „Tíminn læknar öll sár“ - „Þú verður bara að halda áfram og vera sterkur“ - „Það eru margir sem eru verra settir en þú“.

Verjendur haldreipi

Vegna aðstæðna einstaklinga í einangrun verða verjendur oft haldreipi þeirra sem leiðir til þess að fangar treysta á og trúa verjendum sínum fyrir lífi sínu innan og utan veggja fangelsisins. Í þessu geta falist óraunhæfar kröfur og væntingar til verjenda sem getur tekið á tilfinningalega fyrir þá og leitt til þess að þeir finni fyrir svokallaðri „samkenndar þreytu“ (e. compassion fatigue).

Anna Kristín sagði mikilvægt fyrir lögmenn að hafa í huga að þeir geti ekki borið ábyrgð á líðan annarra. Þá hvatti hún verjendur til þess að tala um líðan sína, hvort sem er við samstarfsfélagi eða fagmanneskju. Að lokum lagði Anna Kristín áherslu á að verjendur setji mörk í tengslum við störf sín, sýni sér sjálfsmildi og gefi sér svigrúm til þess að slaka á og hlúa að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu sinni.

[Eva Hrönn Jónsdóttir tók saman](#)

BREYTING Á VINNUSTAÐ

Jóhann Karl Hermannsson

Íslandshótel hf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík

Edda Sverrisdóttir

Akta sjóðir hf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík

Ómar Karl Jóhannesson

Mosfellsbær, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ

Helga Lára Hauksdóttir

Arion banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík

Sigrún Ásta Brynjarsdóttir

Alma lögmannabjónusta ehf., Háaleitisbraut 37, 108 Reykjavík

Ólafur Valur Guðjónsson

Lögmannsstofa Vogin slf., Dalvegi 16b, 201 Kópavogi

Jóhann Magnús Jóhannsson

BBA Fjeldco, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Ólafur Klein

Vogatungu 34, 200 Kópavogi

Grímur Már Þórolfsson

Réttindi lögmannsstofa, Laugavegi 182, 105 Reykjavík

Árni Huldar Sveinbjörnsson

Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík

Sólvi Sölvason

Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Kringlunni 7, 103 Reykjavík

Hólmfríður Kristjánsdóttir

Norðurál ehf., Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík

NÝTT HEIMILISFANG

Sigurður Árnason

SANDA Legal ehf., Lágmúla 5, 108 Reykjavík

Björgvin H. Fjeldsted

Porto lögmannsstofa, Bæjarhrauni 6, 220 Hafnarfirði

Ómar R. Valdimarsson

Lögmannsstofan Valdimarsson, Hlíðarfæti 15, 102 Reykjavík

Svavar Daðason

Ólafur Rúnar Ólafsson, Birgir Örn Guðmundsson, Sunna Axelsdóttir

Lögmannsstofa Norðurlands, Glerárgötu 36, 600 Akureyri

Jóna Benný Kristjánsdóttir

Medial ehf., Hrisbraut 9, 780 Höfn

Sigþór Hilmar Guðmundsson

Strindberg Lögfræðibjónusta, Lundi 38, 200 Kópavogi

Höskuldur Þór Þórhallsson

LÖGÍS lögmenn, Tryggvagötu 11, 2.h., Reykjavík og Skipagötu 7, 2.h., Akureyri

Reynir Karlsson, Helga Reynisdóttir, Halldór Þ. Þorsteinsson

AM Praxis, Kirkjuteigur 21, 105 Reykjavík

Arnar Sigfússon

Lögmannsstofa Arnars Sigfússonar, Strandgötu 31, 602 Akureyri

Helgi Már Jósefsson

KPMG Law, Glerárgötu 24, 600 Akureyri

Þórir Örn Árnason

Árnason lögmenn, Bildshöfða 16, 110 Reykjavík.

Hilmar Garðars Þorsteinsson

Halldór Ingi Blöndal

Málsvari lögmannsstofa, Laugavegi 182, 2. hæð, 105 Reykjavík

Sighvatur Magnús Helgason

Digranesvegi 60, 200 Kópavogi

Viðskipti með kolefniseiningar

HRAFNHILDUR BRAGADÓTTIR, LL.M., AÐJÚNKT OG
DOKTORSNEMI VIÐ LAGAÐEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS



Eitt stærsta úrlausnarefnið sem fylgir loftslagsvandnum er hvernig virkja megi einkafjármagn til aðgerða sem styðja við umskiptin yfir í kolefnishlutlaust samfélag. Meðal leiða sem hafa verið farnar er að gera árangur í loftslagsmálum að fjárhagslegu verðmæti sem hægt er að selja á markaði og skapa þannig hvata til loftslagstengdra fjárfestinga. Víða um heim fara fram viðskipti með viðurkenningar sem staðfesta að tiltekinn árangur hafi náðst við að draga úr losun gróðurhúsa-lofttegunda eða fjarlægja þær úr andrúmsloftinu. Þessar viðurkenningar þekkjast undir ýmsum nöfnum en verða hér til einföldunar nefndar kolefniseiningar.

Vöxtur valkvæða kolefnismarkaðarins

Viðskipti með kolefniseiningar fara fram á svokölluðum valkvæðum kolefnismarkaði, sem er hugtak sem notað er til aðgreiningar frá kolefnismörkuðum sem komið er á fót með lögum, eins og til dæmis á við um viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir. Mismunandi ástæður geta legið að baki kaupum á kolefniseiningum á valkvæðum markaði. Fyrirtæki og stofnanir nota þær til að kolefnisjafna eigin starfsemi eða til að sýna fram á annars konar framlag til loftslagsmála. Einstaklingar kaupa þær helst til mótvægis við losun sem fylgir til dæmis flugferðum þeirra eða akstri.

Valkvæði kolefnismarkaðurinn hefur vaxið hratt undanfarin ár, sem skýrist meðal annars af því að sífellt fleiri fyrirtæki setja sér markmið um kolefnishlutleysi sem þau hyggjast að einhverju marki ná með kaupum á kolefniseiningum. Núverandi virði valkvæða kolefnismarkaðarins á heimsvísu er áætlað yfir tveir milljarðar bandaríkjadala og gera spár ráð fyrir áframhaldandi vexti markaðarins á næstu árum.

Hætta á grænþvotti

Margar áskoranir tengjast þessum öra vexti valkvæða kolefnismarkaðarins. Bent hefur verið á að ríki þurfi að bregðast hratt við til að fyrirbyggja misnotkun markaðarins enda er hætt við því að hún grafi að öðrum kosti undan alþjóðlegri samvinnu í loftslagsmálum. Meðal þess sem þarf að huga að er að kaup á kolefniseiningum feli ekki í sér grænþvott og gegnir

neytendalöggjöfin þar lykilhlutverki. Erlendis fer dómsmálum fjölgandi sem varða grænþvott í tengslum við yfirlýsingar fyrirtækja um kolefnisjöfnun og virðist óhætt að gera ráð fyrir að nýlegar reglur Evrópusambandsins um sjálfbær fjármál og upplýsingagjöf fyrirtækja um ófjárhagslega þætti muni ýta undir þá þróun.

Grænþvottur getur til dæmis átt sér stað ef fyrirtæki lýsa yfir árangri í loftslagsmálum á grundvelli aðkeyptra kolefniseininga án þess að þær byggist á raunverulegum árangri í loftslagsmálum. Vottun óháðra aðila á að loftslagsverkefni uppfylli viðurkenndar lágmarkskröfur er almennt talin forsenda fyrir trúverðugleika kolefniseininga. Vandamál geta þó skapast jafnvel þótt vottunar sé aflað. Í því samhengi er skemmst að minnast nýlegrar afhjúpunar fjölmiðlanna Guardian, Die Zeit og Resource Material á meintum bókhaldsmisgjörðum félagasamtakanna Verra, eins stærsta vottunaraðila kolefniseininga í heiminum. Margra mánaða rannsókn fyrrnefndra fjölmiðla gaf til kynna að í reynd hefði enginn loftslagsárangur legið að baki yfir 90% kolefniseininga sem Verra vottaði í tengslum við verkefni sem áttu að tryggja vernd regnskóga í Perú og víðar.

Er það minn eða þinn árangur?

Önnur áskoran felst í að tryggja að viðskipti með kolefniseiningar leiði ekki til tvítalningar á loftslagsávinningi, sem veur óhjákvæmilega upp hugrenningartengsl við nýlega umfjöllun um viðskipti með upprunaábyrgðir raforku. Engin miðlæg skráning

er til staðar á kolefniseiningum á heimsvísu heldur starfa víða um lönd fjölmörg ólík skráningarkerfi á vegum fyrirtækja, samtaka eða hins opinbera. Það gefur augaleið að þetta fyrirkomulag skapar hættu á að fleiri en ein kolefniseining sé gefin út vegna sama loftslagsávinninga. Þá vekur sala fyrirtækja og stofnana á kolefniseiningum til kaupenda í öðrum löndum spurningar um áhrif á stöðu ríkisins þar sem viðkomandi loftslagsverkefni fer fram. Getur þetta ríki til dæmis nýtt loftslagsávinninginn sem seldur hefur verið á valkvæðum kolefnismarkaði til að uppfylla skuldbindingar sínar í loftslagsmálum eða til að ná eigin markmiðum um kolefnishlutleysi?

Sala kolefniseininga á Íslandi

Á Íslandi hafa kolefniseiningar gengið kaupum og sölum um nokkurra ára skeið, aðallega í tengslum við verkefni á sviði skógræktar og endurheimtar votlendis. Hingað til hafa kolefniseiningar á íslenskum markaði ekki verið vottaðar í samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla og má gagnrýna að fyrirtæki og stofnanir hér á landi nýti slíkar einingar til að lýsa yfir kolefnisjöfnun starfsemi sinnar, líkt og ýmis dæmi eru um. Ekki verður séð að slíkt mál hafi komið til kasta íslenskra dómstóla. Dæmi eru hins vegar um að Neytendastofa og áfrýjunarnefnd neytendamála hafi komist að þeirri niðurstöðu að fyrirtæki hafi brotið gegn löggjöf um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með yfirlýsingum um kolefnishlutleysi sem ekki var hægt að sýna fram á að stæðust.

Árið 2020 birti Loftslagsráð álit undir yfirskriftinni Ábyrg kolefnisjöfnun þar sem bent var á ýmsa veikleika í tengslum við viðskipti með kolefniseiningar hér á landi. Meðal þess sem fram kom í álitinu var að tryggja þyrfti að viðurkenndri aðferðafræði

væri beitt við mælingar og útgáfu kolefniseininga og að móta þyrfti viðmið um ábyrgar yfirlýsingar um kolefnisjöfnun vara og þjónustu. Ýmis skref hafa verið stigin á síðustu árum til að auka gæði og trúverðugleika valkvæða kolefnismarkaðarins á Íslandi. Til að mynda var nýlega komið á fót fyrsta íslenska skráningarkerfinu fyrir kolefniseiningar auk þess sem tækniforskrift um kolefnisjöfnun var gefin út af Staðlaráði Íslands á síðasta ári. Nú þegar vinna nokkrir aðilar að því að afla viðurkenndrar vottunar fyrir kolefniseiningar hér á landi.

Ráðstefna í lok sumars

Fjölmörgum spurningum er ósvarað um þróun og áhrif valkvæða kolefnismarkaðarins sem mikilvægt er að skoða í samhengi við íslenska löggjöf og stefnumótun stjórnvalda í loftslagsmálum. Hinn 23. ágúst nk. mun Lagastofnun Háskóla Íslands halda ráðstefnu um kolefnismarkaði, með áherslu á þróun valkvæða kolefnismarkaðarins á Íslandi. Þar munu alþjóðlegir og innlendir sérfræðingar ásamt hagsmunaaðilum beina sjónum sínum að því hvernig kolefnismarkaðir eru nýttir til að afla fjármagns í loftslagstengd verkefni og fjalla um tækifæri, áskoranir og álitæfni sem því tengjast. Í því samhengi verður meðal annars fjallað um alþjóðlega markaði sem nú eru í mótun á grunni 6. gr. Parísarsamningsins og samspil þeirra við valkvæða kolefnismarkaðinn. Áhugasömum er bent á að fylgjast með tilkynningum um ráðstefnuna á vefsíðu og Facebook-síðu Lagastofnunar.



LÖGFRÆÐIN SNÝST UM LÍFIÐ

GUÐRÚN ERLENDSDÓTTIR FÆDDIST Í REYKJAVÍK 3. MAÍ 1936. HÚN LAUK STÚDENTSPRÓFI FRÁ MENNTASKÓLANUM Í REYKJAVÍK 1956 OG EMBÆTTISPRÓFI Í LÖGFRÆÐI 1961. HÚN VARÐ HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR 1962 OG HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR 1967. GUÐRÚN SÓTTI ENNFREMUR NÁM VIÐ LAGAEILDIR YALE UNIVERSITY, HARVARD UNIVERSITY, UNIVERSITY OF CALIFORNIA OG KAUPMANNAHAFNARHÁSKÓLA.

GUÐRÚN RAK MÁLFLUTNINGSSTOFU ÁSAMT ERNI CLAUSEN EIGINMANNI SÍNUM 1961-1978 EN SINNTI JAFNFRAMT KENNSLU VIÐ LAGAEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS FRÁ 1970 ER HÚN VARÐ AÐJÚNKT. HÚN VARÐ LEKTOR 1976, DÓSENT 1979 OG VAR GERÐ AÐ HEIÐURSDOKTOR VIÐ LAGAEILD HÍ ÁRIÐ 2018. GUÐRÚN VAR FYRSTI HEIÐURSFÉLAGI FÉLAGS KVENNA Í LÖGMENNSKU.

GUÐRÚN VAR SETT Í EMBÆTTI HÆSTARÉTTARDÓMARA 1982-1983 OG SKIPUÐ HÆSTARÉTTARDÓMARI 1986 EN HÚN GEGNDI EMBÆTTINU TIL ÁRSINS 2006. GUÐRÚN VAR KJÖRIN FORSETI HÆSTARÉTTAR 1991-1992 OG 2002-2003.

GUÐRÚN HEFUR SINNT ÝMSUM FÉLAGSSTÖRFUM Í GEGNUM TÍÐINA. HÚN VAR M.A. FORMAÐUR JAFNLAUNARÁÐS 1973-1976 OG JAFNRÉTTISRÁÐS 1976-1979. ÞÁ VAR HÚN FUNDARSTJÓRI OG FLUTTI ÁVARP Á BARÁTTUFUNDI Á KVENNAFRÍÐAGINN 24. OKTÓBER 1975 OG VAR FORMAÐUR KVENNAÁRSNEFNDAR 1975-1976.

GUÐRÚN GIFTIST ERNI CLAUSEN LÖGMANNI ÁRIÐ 1961 OG EIGA ÞAU ÞRjú BÖRN; ÓLAF HAGFRÆÐING, GUÐRÚNU SESSELJU LÖGMANN OG JÓHÖNNU VIGDÍSI LEIKARA.



Guðrún Erlendsdóttir er ein þeirra þriggja kvenna sem var sæmd gullmerki LMFÍ á aðalfundi félagsins í lok maí síðastliðinn. Sjómannsdóttirin í Reykjavík varð semidúx MR árið 1956, lögmaður, kennari við lagadeild Háskóla Íslands og endaði feril sinn sem hæstaréttardómari, fyrst íslenskra kvenna. Blaðamenn Lögmannablaðsins bönkuðu upp á hjá Guðrúnu í Blikanesinu þegar heitasti dagur sumarsins rann upp 14. júní síðastliðinn.

Jafnréttissinnaðir foreldrar

Þegar þú hófst nám höfðu aðeins tvær konur lokið laganámi við Háskóla Íslands áður, þær Auður Auðuns og Rannveig Þorsteinsdóttir, og tvær konur voru þegar í námi, þær Ragnhildur Helgadóttir og Auður Þorbergsdóttir. Hvað kom til að þú valdir lögfræði?

Það var nú bara útilokunaraðferðin. Mig langaði ekki í lækisfræði og hafði ekki tækifæri til að fara til útlanda. Ég hefði helst viljað fara til Frakklands og læra sögu. Þess í stað fór ég í lögfræði og læddist um gangana til að byrja með. Mér fannst lögfræðin ekki skemmtileg en svo kom það síðar enda snýst hún um lífið sjálft, allt sem gerist hjá venjulegu fólki. Tveimur árum síðar gátu þau sem voru með góðar einkunnir úr menntaskóla fengið styrk til náms í útlöndum en ég kláraði það sem ég hafði byrjað á.

Fannstu eitthvað fyrir því að vera kona í náminu?

Á þessum tíma voru konur byrjaðar að ryðja sér rúms alls staðar og það var farið eftir áhuga nemendanna. Það eina sem ég get nefnt er að þegar kom að því að kenna nauðgunarákvæði 194. gr. almennu hegningarlaganna þótti prófessornum ekki tilhlýðilegt að útlista efni hennar í viðurvist konu. Hann slepti því sem kom

sér seinna illa fyrir mig þar sem ég á ákvæðið reyndi í prófmáli hjá mér þegar ég byrjaði í lögmennsku!

Voru einhverjir lögfræðingar í fjölskyldunni?

Nei, en foreldrar okkar voru mjög áfjáðir í að við systur menntuðum okkur og þeim þótti sjálfsagt að ég færi í háskólanám eftir stúdentspróf. Pabbi var sjómaður og var í burtu í tvær til þrjár vikur í einu en bæði mamma og pabbi voru mjög jafnréttissinnuð.

Mamma vann sem stúlka hjá Jónasi frá Hriflu á sínum yngri árum og eitt sinn, þegar hann hringdi heim, sagði mamma honum að ég væri byrjuð að stúdera við lagadeild. Þá spurði hann. „Er þetta nokkuð vit? Ætli hún ekki frekar að fara í húsmæðraskóla og læra eitthvað sem gagn er að?“ Næst þegar hann kom í kaffi hafði hann reyndar ekkert við þetta að athuga. Þetta var viðhorfið. Konur áttu í rauninni ekki að fara í langskólanám heldur að gifta sig, verða mæður og hugsa um börnin.

Fóru vinkonur þínar í framhaldsnám?

Ekki strax, þær giftu sig og eignuðust börn. Margar þeirra fóru svo í háskólanám þegar börnin voru komin á legg.

Starfsferill

Að loknu námi hófst þú rekstur lögmannsstofu ásamt Erni, eiginmanni þínum. Stefnir þú alltaf að því að vera í málflutningi?

Já, og ég sinni honum heimilíkið þessi 17 ár sem ég var lögmaður. Ég útskrifaðist árið 1961 og sama ár giftum við okkur en svo komu þrjú börn á fimm árum. Ég tók ekkert fæðingarorlof en fékk hjálp til að koma á heimilið. Á þessum tíma fengu giftar konur ekki pláss á dagheimilum. Lögmennska var sveigjanleg að því leyti að maður gat skroppið heim til barnanna á milli.

Hvernig málum sinnir þú?

Þegar ég byrjaði var aðeins ein kona lögmaður, Rannveig Þorsteinsdóttir en síðar bættist Svala Thorlacius við. Það atvikaðist því þannig að það voru mest konur sem leituðu til mín með sífja- og erfðaréttarmál, sem og barnsfaðernismál sem þá voru öðruvísi þar sem það þurfti að taka blóðprufur og senda þær erlendis. Konur fengu svo til alltaf forræði barna við skilnað en slík mál voru afskaplega erfið. Ég var mikið í málflutningi og mest í bæjarþinginu sem var þá á Laugavegi 13. Karlar áttu einhvern veginn erfiðara að leita til mín fannst mér.

Nú hefur þú verið sæmd heidursdoktorsnafnbót við lagadeild Háskóla Íslands en þú kenndir þar frá árinu 1970. Hvað kom til að þú fórst að kenna?

Það var Ármann Snævarr sem fékk mig upphaflega til að leysa sig af þegar hann var settur í Hæstarétti og ég kenndi þar í 17 ár.

Þú hefur alltaf beitt þér fyrir málefnum sem vörðudu réttindi og hagskema, ekki rétt?

Já, ég var m.a. með í að semja jafnréttislögin frá 1976 og í nefnd sem skilaði frumvarpi til fóstureyðingarlaga árin 1971-1973. Í tilefni kvennaársins fékk ég lagastúdínum til að yfirfara allt lagasafnið með það í huga hverju þyrfti að breyta en lagasetning var öll mjög karllæg.

Sjaldan með sératkvæði

Þú varst fyrst sett dómari við Hæstarétti árið 1982, varst skipuð árið 1986 og gegndir svo því starfi til sjötugs. Hvernig líkaði þér í Hæstarétti? Mér líkaði það vel en ég var jafnframt mjög meðvituð um að við skárum endanlega úr deilum sem vörðudu mikilvæga hagsmuni fólks og það er mikil ábyrgð.

Hver eru eftirminnilegustu málin sem þú varst með í að dæma í Hæstarétti? Ætli það sé ekki Hagkaupsmálið sem var yfirgripsmikið og tók óskaplega langan tíma.

En erfiðustu málin?

Ég hugsa að erfiðustu málin hafi verið persónulegu málin, s.s. forsjármálin, en svo var ofboðslegt álag á dómara Hæstaréttar síðustu árin sem ég starfaði enda mikið magn af dómum og lesefnið eftir því, staflarnir voru gríðarhár.

Varst þú oft með sératkvæði?

Nei, það setur mikla ábyrgð á mann að vera í fjölskipuðum dómi enda er ekki gott fyrir réttinn ef það er ósamkomuleg innan hans. Það var ekki oft sem ég var með sératkvæði en það kom fyrir og þá þegar grundvallarafstaða til mála var ólík.

Þú sást í stjórn alþjóðasamtaka kvendómara, International Organization of Women Judges frá 1992-1996, var mikil starfsemi í þessum samtökum?

Það var nokkuð mikil starfsemi og ég kynntist konum víða sem voru í dómarastöðum. Ég hafði ekki alltaf aðstæður til að fylgjast vel með meðal annars vegna þess að það kostaði að senda mig út og sá kostnaður lenti oft að miklu leyti á mér.

Leiðist aldrei með bók í hönd

Hvað með áhugamál, áttu þau?

Já, ég stunda Qi Gong þrisvar í viku, er í Gunnarsæfingunum eins og við köllum þær en Gunnar Eyjólfsson leikari var með þennan hóp í áratugi. Ég er búin að vera mjög lengi í þessu. Ég er líka í gönguhópnum Alviðru, en það eru gamlir skólafélagar úr Menntaskólanum. Við göngum reglulega í Elliðaárdalnum í hvaða veðri sem er.

Það var mjög mikil vinna í Hæstarétti á sínum tíma svo ég var ekki mikið að lesa utan vinnunnar. Nú hef ég verið að nota



Guðrún í vinnuherbergi sínu.

tímann við að lesa bókmenntir og hef ákaflega gaman af. Ég les mjög mikið og leiðist aldrei. Mér líður vel ein með sjálfri mér.

Nú sjáum við hér á borðstofuborðinu afmælisrit Páls Hreinssonar sem er nýútkomið. Fylgist þú með því sem er að gerast í lögfræðinni?

Ég reyni að fylgjast með því sem er að gerast hér og á Norðurlöndum en ég les ekki mikið af fræðibókum lengur. Ég les hins vegar mjög mikið af skáldsögum.

Svona í lokin, hvaða þáttur langs og viðburðaríks starfsferils er þér efst í huga?

Það er kennslan, ég set hana fremst. Það var svo gaman að kenna, alveg sérstakt að vera með ungum nemendum sem eru

með augu og eyru opin. Svo var auðvitað gaman að koma í Hæstarétt og ég fann að það skipti máli að fá kvenlæg sjónarmið inn í réttinn. Það er miklu betra að skipting karla og kvenna sé jöfn og það breytti miklu þegar Ingibjörg Benediktsdóttir var skipuð hæstaréttardómari þannig að við vorum tvær konur.

Ari Karlsson og Eyrún Ingadóttir



Bótaréttur
Innheimta slysa- og skaðabóta

Deloitte.
Legal

Lögmannablaðið



ADVEL

juris

LANDSLÖG | LÖGFRÆÐISTOFA

NOVUM
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA

LR

Lögfræðistofa Reykjavíkur

LOGOS

Reykjavík · London



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · www.law.is

FORTIS
Lögmannsstofa

Lögmannablaðið